

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 10. júlí 2023

Mál nr. E-718/2023:

**Luc R.M. Van Schoor**

(Karl Ólafur Karlsson lögmaður)

**gegn**

**Bláfugli ehf.**

(Arnar Þór Stefánsson lögmaður)

## D Ó M U R

Mál þetta, sem dómtekið var 16. maí 2024, var höfðað með stefnu birtri 2. mars 2023 og þingfest 15. mars sama ár.

Stefnandi er Luc R.M. Van Schoor, kt. [...], búsettur í [...].

Stefndi er Bláfugl ehf., kt. [...], Urðarhvarfi 6, Kópavogi.

### I

#### Dómkröfur

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

*„Aðalkrafa:* að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð 171.892.146 kr. með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 1. apríl 2021 til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þingfestingardegi til greiðsludags.

*Fyrsta varakrafa:* að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð 144.122.527 kr. með sömu vöxtum og greinir undir aðalkröfu.

*Önnur varakrafa:* að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur að álitum með sömu vöxtum og greinir undir aðalkröfu.

*Þriðja varakrafa:* að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð 42.921.347 kr. með sömu vöxtum og greinir undir aðalkröfu.

*Fjórtða varakrafa:* að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð 33.000.548 kr. með sömu vöxtum og greinir undir aðalkröfu.“

Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi neytti í málinu heimildar lokamálsliðar 2. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 7. gr. laga nr. 78/2015, og gerði þá kröfu að málinu yrði vísað frá dómi en til vara að einstökum kröfuliðum þess yrði vísað frá dómi. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði dómsins 16. október 2023.

Stefndi krefst að því frágengnu aðallega sýknu en til vara að dómkröfur stefnanda sæti verulegri lækkun. Þá gerir hann kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda.

## II

### *Helstu málsatvik*

Stefndi, Bláfugl ehf., er flugrekandi sem hefur með höndum vöruflutninga í lofti og starfar sem slíkur á grundvelli íslensks flugrekstrarleyfis. Flugvélar stefnda fljúga reglubundið flug til og frá Íslandi, en einnig er flogið áætlunar- og leiguflug án viðkomu hér á landi. Mun stefndi einnig ganga undir erlendu aukaheitunum Bluebird Ltd og Bluebird Nordic og með skammstöfunina BBN.

Þann 2. júlí 2018 gerði Félag íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) kjarasamning við stefnda með gildistíma til 31. mars 2020. Áður en að því tímamarki kom varð breyting á eignarhaldi stefnda þegar félagið var selt til Avia Solutions Group, en félagið mun vera með höfuðstöðvar í Litháen. Þann 14. apríl 2020 var kjarasamningur milli FÍA og stefnda framlengdur til 30. júní 2020, en á þeim tíma störfuðu alls um 40 flugmenn hjá stefnda, þar af voru tíu þeirra félagsmenn í FÍA og tóku kjör samkvæmt fyrrgreindum kjarasamningi, þ.e. átta flugstjórar og tveir flugmenn.

Að sögn stefnanda munu aðilar kjarasamningsins hafa átt í viðræðum um endurnýjun hans, allt frá því hann varð laus, og mun viðræðuáætlun hafa verið samþykkt 20. október

2020. Í áætluninni var sérstaklega mælt fyrir um að hafi samningur ekki komist á þann 2. janúar 2021 væri hvorum aðila um sig heimilt að fela ríkissáttasemjara stjórn viðræðna með vísan til laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Þann 30. desember 2020 barst stefnanda uppsagnarbréf, líkt og öðrum fastráðnum flugstjórum og flugmönnum sem tóku kjör samkvæmt kjarasamningi FÍA og stefnda Í rökstuðningi fyrir uppsögninni var meðal annars vísað til „aðkallandi aðstæðna“ í rekstri stefnda og því hafi verið ákveðið að ráðast í „endurskipulagningu félagsins með það að markmiði að hagræða í rekstri“. Greindi í bréfinu að uppsögnin tæki gildi frá og með næstu mánaðamótum og að uppsagnarfrestur samkvæmt ráðningarsamningi væri þrjú mánuðir þannig að miðað væri við að síðasti starfsdagur stefnanda hjá stefnda væri 31. mars 2021. Í málinu liggur fyrir að ekki var þó krafist vinnuframlags af hálfu stefnanda á meðan á uppsagnarfresti stóð.

Að sögn stefnanda mun stefndi, 2. nóvember 2020, hafa fengið til liðs við sig tíu sjálfstætt starfandi verktaka, þ.e. átta flugstjóra og tvo flugmenn. Munu allir þeir flugmenn sem fengu uppsagnarbréf hafa verið teknir af vaktskrá á uppsagnarfresti, en í þeirra stað hafi komið verktakar.

Þann 1. febrúar 2021 hófst verkfall flugmanna hjá stefnda sem jafnframt voru félagsmenn FÍA. Þann 2. febrúar sama ár lagði stefndi, Bláfugl ehf., fram beiðni til sýslumanns um að lagt yrði lögbann við framangreindum verkfallsaðgerðum. Var beiðnin tekin fyrir og henni hafnað 5. sama mánaðar. Var þeirri ákvörðun skotið til héraðsdóms sem staðfesti ákvörðun sýslumanns með úrskurði uppkveðnum 5. mars 2021. Var sá úrskurður staðfestur með úrskurði Landsréttar sem kveðinn var upp 7. maí 2021 í máli nr. 177/2021: Bláfugl ehf. gegn Félagi íslenskra atvinnuflugmanna.

Með dómi Félagsdóms frá 16. september 2021 í máli nr. 2/2021, sem höfðað var af Félagi íslenskra atvinnuflugmanna á hendur Samtökum atvinnulífsins fyrir hönd stefnda Bláfugls ehf. og Bláfugli ehf., féllst rétturinn á aðalkröfu stefnanda um að viðurkennt yrði að uppsagnir sem stefndi Bláfugl ehf. hefði staðið fyrir og tilkynntar voru með bréfum 30. desember 2020 og tóku gildi degi síðar, á tilgreindum 11 félagsmönnum stefnanda, Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA), sem störfuðu hjá stefnda Bláfugli

ehf., þar á meðal stefnanda máls þessa, væru ólögætar. Í málinu var vísað frá dómi viðurkenningarkröfu stefnanda um að umræddir félagsmenn hans ættu samkvæmt kjarasamningi rétt á endurráðningu til starfa. Þá var stefndi, SA fyrir hönd Bláfugls ehf., sýknaður af viðurkenningarkröfu stefnanda um að viðurkennt yrði með dómi að sú ákvörðun stefnda Bláfugls ehf. frá 30. desember 2020 að taka umrædda félagsmenn í stefnanda af vaktskrá fyrirtækisins frá og með 1. janúar 2021 og fela svonefndum sjálfstætt starfandi verktökum að ganga í störf þeirra sem flugstjórar og/eða flugmenn í flugferðum til og frá Íslandi meðan yfirstandandi verkfall félagsmanna stefnanda FÍA stæði fæli í sér ólögmett verkþann og brot gegn löglega boðuðu yfirstandandi verkfalli félagsmanna sem hófst 1. febrúar 2021, sbr. ákvæði II. kafla laga nr. 80/1938. Enn fremur var stefndi málsins sýknaður af þeirri kröfu stefnanda í málinu að stefndi, Bláfugl ehf., yrði dæmdur til sektargreiðslu samkvæmt 70. gr., sbr. 65. gr., laga nr. 80/1938 fyrir brot gegn 4. gr., sbr. 18. og 19. gr., sbr. 15. og 16. gr. laganna.

Með bréfi lögmanns stefnanda til stefnda frá 11. apríl 2022 var sett fram krafa um greiðslu skaðabóta vegna ætlaðrar ólögætrar uppsagnar. Í bréfinu var krafist fébóta fyrir tímabilið frá lokum uppsagnarfrests, 1. apríl 2021, til 31. desember sama ár. Með bréfi stefnda frá 17. maí sama ár var kröfum stefnanda hafnað.

### III

#### *Helstu málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi byggir málalíbúnað sinn í meginatriðum á því að hann eigi rétt til skaðabóta vegna ætlaðrar ólögætrar uppsagnar hans úr starfi hjá stefnda.

Kveðst stefnandi vísa til þess að Félagsdómur hafi í úrlausnum sínum margsinnis staðfest að þegar kjarasamningur rennur sitt skeið á enda gildi hann áfram samkvæmt efni sínu þar til samið hefur verið á nýjan leik. Þá kveðst stefnandi vísa til eftirfarandi forsendna í dómi Félagsdóms í máli nr. 2/2021:

*„Í íslenskum vinnumarkaðsrétti hefur verið gengið út frá því að sú regla gildi að þegar kjarasamningur rennur út eða honum er sagt upp fari í meginatriðum áfram um réttindi og skyldur samningsaðila eftir eldri samningi meðan enn er ósamið og verkfall ekki skollíð á, sbr. meðal annars dóm Félagsdóms 17. febrúar 1986 í máli nr. 10/1985 og 16.*

*febrúar 2021. Verður því að leggja til grundvallar að forgangsréttarákvæði í áðurgreindum kjarasamningi haldi gildi sínu þar til nýr kjarasamningur hefur verið gerður.“*

Þá kveðst stefnandi vísa til eftirfarandi ummæla í úrskurði Landsréttar frá 7. maí 2021 í máli nr. 177/2021, í tilefni af lögbannskröfu stefnda:

*„Gengið hefur verið út frá því í íslenskum vinnumarkaðsrétti að sú regla gildi að þegar kjarasamningur rennur út eða honum er sagt upp fari í meginatriðum áfram um réttindi og skyldur samningsaðila eftir eldri samningi meðan enn er ósamið og verkfall er ekki skolið á, sbr. dóma Félagsdóms frá 17. febrúar 1986 í máli nr. 10/1985 og 16. febrúar 2021 í máli nr. 13/2020. Samkvæmt því hefur áðurgreint forgangsréttarákvæði félagsmanna varnaraðila í kjarasamningi aðila ekki fallið úr gildi í lögskiptum þeirra við sóknaraðila. Engu breytir í þeim efnum þótt félagsmönnum varnaraðila, sem voru fastráðnir sem flugmenn hjá sóknaraðila, hafi verið sagt upp starfi 30. desember 2020 með þriggja mánaða uppsagnarfresti sem lauk 31. mars síðastliðinn. Þá verður ekki litið svo á að forgangsréttarákvæðið, sem aðilar sömdu um og festu í kjarasamningi sín á milli, leiði af sér félagsskyldu af þeim toga sem fyrri málsliður 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar tekur til. Verður því ekki fallist á með sóknaraðila að forgangsréttarákvæðið fari í bága við áðurgreint ákvæði stjórnarskrárinnar um félagafrelsi.“*

Stefnandi vísar til þess að Hæstiréttur hafi hafnað beiðni stefnda um leyfi til að kæra framangreindan úrskurð, en í beiðni stefnda hafi verið að finna ítarlegan rökstuðning um að forgangsréttarákvæði kjarasamningsins bryti í bága við ákvæði stjórnarskrár.

Forgangsréttarákvæði kjarasamnings FÍA og stefnda er að finna í grein 01.3 í samningnum og hljóðar svo:

*„Flugmenn Bláfugls ehf., sem eru löglegir félagar í FÍA, skulu hafa forgang að þeim flugverkefnum sem um er að ræða á hverjum tíma á vegum Bláfugls, enda brjóti slíkt ekki í bága við flugréttindi, lög eða reglur, eða aðrar þær kvaðir eða rekstraraðstæður sem Bláfugli er gert að starfa eftir af stjórnvöldum viðkomandi ríkja.*

*Aðilar eru sammála um, að ráðning eða leiga flugmanna til Bláfugls, sem ekki eru félagar í FÍA, skuli ekki á neinn máta tefja fyrir stöðuhækkunum og öðrum framgangi fastráðinna flugmanna Bláfugls, sem eru löglegir félagar í FÍA, né heldur leiða til uppsagna félagsmanna FÍA innan Bláfugls.*

*Það er jafnframt vilji Bláfugls að viðhalda og stækka kjarna fastráðinna flugmanna sem fyrirtækið byggir á og tekur það mið af rekstri og verkefnastöðu félagsins hverju sinni. Lágmarksfjöldi starfandi FÍA manna, á samningi hjá Bláfugli, miðast við áhafnaþörf fyrir flug til og frá Íslandi. Útreiknuð áhafnaþörf skal miðast við 12 mánaða tímabil og vera reiknað 1. desember ár hvert og vera uppfyllt innan 2ja mánaða. Áhafnaþörfin skal reiknuð af Bláfugli og staðfest af samstarfsnefnd FÍA og Bláfugls innan 15 daga. Þrátt fyrir framangreint skal fjöldi starfandi FÍA manna á starfsaldurslista á gildistíma samnings vera 11.“*

Að sögn stefnanda hefur uppbygging stefnda verið með þeim hætti að til staðar sé ávallt kjarni fastráðinna flugmanna, líkt og ráða megi af forgangsréttarákvæðinu, en að til viðbótar kunni breytilegur fjöldi flugmanna að vera starfandi með lögmætum hætti í gegnum starfsmannaleigur, tengt sveiflum í rekstri stefnda. Tilkoma slíkra flugmanna geti þó aldrei leitt til uppsagnar á fastráðnum flugmönnum á starfsaldurslista, líkt og forgangsréttarákvæðið sjálft mæli fyrir um og starfsaldursreglur. Einungis að undan-gengnum uppsögnum á öðrum flugmönnum sé unnt að grípa til uppsagna fastráðins flugmanns á starfsaldurslista og verði þá miðað við starfsaldursreglur. Sæki tilvitnaður starfsaldurslisti tilvist sína í eftirfarandi ákvæði 03.1 í kjarasamningi FÍA og stefnda, sem ber yfirskriftina „Starfsaldur“: „*Sjá meðfylgjandi reglur um starfsaldur, sem er hluti af samningi þessum.*“

Vísar stefnandi til þess að starfsaldursreglur kjarasamnings FÍA og stefnda séu ítarlegar og spanni alls 17 greinar. Í 1. grein reglnanna sé kveðið á um að forstjóri stefnda skipi flugmenn í stöður, taki ákvörðun um fækkun eða fjölgun flugmanna og veiti þeim leyfi í samræmi við starfsaldursreglurnar. Miðast starfsaldur flugmanns, samkvæmt 2. grein reglnanna, við þann starfstíma sem hann hefur starfað sem fastráðinn flugmaður í samræmi við starfsaldurslista flugmanna. Í 3. grein reglnanna sé mælt fyrir um að gera skuli starfsaldurslista sem búinn sé númeraröð með nöfnum allra fastráðinna flugmanna og sérstaklega áréttað að flugmaður sem einu sinni hefur fengið starfsaldursröð sína

viðurkennda skuli ekki missa þann aldursrétt, nema á annan veg sé tilskilið í starfsaldursreglunum sjálfum. Þá sé í 5. grein b í reglunum mælt fyrir um að starfsaldursreglurnar skuli gilda um alla flugmenn að því er snerti fjölgun eða fækkun eða endurráðningu, sbr. þó d-lið ákvæðisins þar sem mælt er fyrir um að flugmaður sem látið hafi af starfi vegna mannaþækkunar skuli eiga rétt á endurráðningu í tvö ár frá því hann lét af störfum. Þá sé að finna sérstök ákvæði um ýmis atriði, svo sem launalaus leyfi, misfellur í starfi, starfsráð og fleira.

Að sögn stefnanda liggur útgefinn starfsaldurslisti fyrir, dagsettur og samþykktur af aðilum kjarasamningsins 30. nóvember 2020, þar sem finna má nöfn þeirra 11 flugmanna sem forgangsréttarákvæði og starfsaldursreglur kjarasamningsins gera ráð fyrir, en stefnandi hafi verið efstur á þeim lista. Vísar stefnandi til þess að allir flugmenn á starfsaldurslistanum hafi sætt ólögmati uppsögn 30. desember 2020.

Vísar stefnandi til þess að í kjarasamningi FÍA og stefnda sé einnig að finna annan mælikvarða á fjölda þeirra flugmanna sem geta átt rétt til forgangs að störfum hjá stefnda, sbr. orðalag ákvæðisins: „... Lágmarksfjöldi starfandi FÍA manna, á samningi hjá Bláfugli, miðast við áhafnaþörf fyrir flug til og frá Íslandi ...“ Undir rekstri lögbannsmálsins hafi verið gerð úttekt á flugum stefnda til og frá Íslandi allt árið 2020 og janúar og febrúar 2021 og sú úttekt lögð fram sem sérstakt dómskjal. Telur stefnandi að af þeirri samantekt verði ráðið að alla jafna hafi tvær flugvélar stefnda flogið til og frá Íslandi á þessu tímamarki, alla virka daga vikunnar og oft um helgar.

Vísar stefnandi til þess að í greinargerð stefnda til Landsréttar vegna lögbannsmálsins sé að finna svofellda lýsingu stefnda á áhafnaþörf: „Á árinu 2019 voru að meðaltali 3,9 áhafnaþör á hverja vél, 2020 voru að meðaltali 4,4 áhafnaþör á hverja vél og á tímabilinu janúar-mars eru það 4 áhafnaþör.“ Að sögn stefnanda láti nærri að ef ekki hefði verið samið sérstaklega um 11 flugmenn á starfsaldurslista kjarasamnings hefði forgangsréttur samkvæmt kjarasamningnum náð til 16 flugmanna (4 áhafnaþör = 8 flugmenn x 2 flugvélar).

Fela meginreglur kjarasamnings FÍA og stefnda, sem leiddar verða af forgangsréttarákvæði og starfsaldursreglum kjarasamnings, það í sér að starfsöryggi fastráðinna

flugmanna sé vel tryggt og að hvorki sé heimild né svigrúm fyrir stefnda til að segja flugmönnum upp störfum svo lögmætt sé nema að uppfylltum ströngum skilyrðum. Við fastráðningu sé í raun gengið út frá því að um æviráðningu sé að ræða svo fremi ekki komi til lögmætrar uppsagnar vegna samdráttar, viðkomandi flugmaður viðhaldi ekki starfsréttindum sínum, þ.e. flugskírteini og heilbrigðisvottorði, og gerist ekki sekur um alvarlegt brot í starfi. Þessar reglur hafi það í för með sér að stefndi geti ekki sagt flugmönnum upp störfum að geðþótta og án heimildar í ákvæðum kjarasamningsins.

Vísar stefnandi til þess að í fyrirliggjandi gögnum, sem lögð voru fram af hálfu stefnda í lögbannsmálinu, hafi alls 41 flugmaður starfað hjá stefnda þegar kjarasamningur FÍA og stefnda var endurnýjaður 14. apríl 2020, en þar af hafi einn þeirra verið í launalausuleyfi. Af heildarfjöldanum hafi 11 flugmenn verið fastráðnir hjá stefnda og félagsmenn í FÍA en aðrir hafi verið svokallaðir sjálfstætt starfandi verktakar. Í september 2020 hafi þrír flugmenn bæst í hóp verktaka og 2. nóvember 2020 hafi fyrrgreindir tíu sjálfstætt starfandi verktakar bæst í hópinn. Alls hafi því 54 flugmenn verið í flugmannahópi stefnda þegar uppsögnin hafi átt sér stað 30. desember 2020. Að sögn stefnanda hafi stefndi, við rekstur fyrrgreinds lögbannsmáls, upplýst að hinir svokölluðu sjálfstætt starfandi verktakar hefðu verið fengnir til starfa hjá stefnda á grundvelli samnings stefnda við Confair Consultancy B.V. á grunni framlagðs samnings á ensku með yfirskriftinni „Agreement for the provision of flight crew leasing services“, auk reikninga, sem virðist vera í eðli sínu samningur milli starfsmannaleigu (Confair) og notendafyrirtækis (stefnda) í skilningi laga nr. 139/2005 um starfsmannaleigur og/eða ákvæða laga nr. 45/2007 um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda.

Um það leyti sem uppsögn stefnanda og annarra fastráðinna flugmanna hafi borið að hafi flugvélafloti stefnda samanstáðið af sex Boeing 737-400F flugvélum. Undir rekstri fyrrgreinds lögbannsmáls hafi verið upplýst af hálfu stefnda að tvær flugvélar væru væntanlegar til viðbótar við flota stefnda. Að þessu hafi meðal annars sérstaklega verið vikið í forsendum fyrrgreinds úrskurðar Landsréttar. Vísar stefnandi til þess að frá því að uppsagnirnar áttu sér stað hafi starfsemi stefnda vaxið til muna, bæði hvað varðar fjölda flugvéla og flugmanna. Á þeim tíma þegar kröfubréf hafi verið send út vegna málsins hafi fjöldi starfandi flugmanna hjá stefnda verið um 110. Samkvæmt nýlegum upplýsingum frá eiganda stefnda, Avia Solutions Group, samanstandi flugvélafloti

stefnda nú af 17 flugvélum; níu Boeing 737-800BFC, einni Boeing 737-300SF og sjö Boeing 737-400SF. Þá séu væntanlegar fjórar Boeing 777 flugvélar í flotann. Að sögn stefnanda mun vera stefnt að því að árið 2024 verði fjöldi Boeing 737-800 flugvéla orðinn alls 25. Kveðst stefnandi vísa meðal annars til ummæla eiganda stefnda sem höfð voru nýlega eftir honum við gerð fréttar þar sem hann greinir frá því að þetta sé svar við vaxandi eftirspurn eftir vöruflutningum með flugvélum sem hafi á undanförunum árum farið snarhækkandi („skyrocketed“). Samkvæmt skráningu Samgöngustofu séu alls 17 íslenskt skráðar flugvélar á vegum stefnda, þar af séu 13 þeirra af gerðinni Boeing 737 og fjórar af gerðinni Boeing 777. Ekki liggi hins vegar fyrir staðfestar upplýsingar um fjölda flugmanna hjá stefnda nú, en miðað við stórauðna starfsemi kveðst stefnandi telja að reikna megi með að fjöldi flugmanna sé ríflega 130.

Kveðst stefnandi vísa til þess að Avia Solutions Group sé, auk þess að vera eigandi stefnda, eigandi nokkurra evrópskra dótturfélaga í flugrekstri, sem bæði séu í farþegaflugi og í vöruflutningum.

Stefnandi kveður flugheiminn ekki hafa farið varhluta af afleiðingum COVID-19 faraldurs. Á tímabili hafi farþegaflug nánast allt lagst af á meðan eftirspurn eftir vöruflutningum með flugvélum hafi margfaldast. Flugrekstraraðilar sem annast hafi farþegaflug hafi flestir enn ekki náð vopnum sínum á meðan stefndi, sem sé flugrekandi á sviði vöruflutninga, hafi blómstrað og vaxið.

Að sögn stefnanda hafi hann reynt að takmarka tjón sitt eins og honum hefur frekast verið unnt, enda hafi hann með hinni ólögsmætu uppsögn verið sviptur aflahæfi sínu til framtíðar. Stefnandi kveðst hafa verið atvinnulaus frá lokum uppsagnarfrests (1. apríl 2021) fram til loka marsmánaðar 2022. Stefnandi starfar nú hjá Aviobook í Brussel (Aviovision). Að sögn stefnanda hafi hann, þrátt fyrir ítrekaðar starfsumsóknar, ekki fengið starf sem flugmaður.

Þegar uppsögn hafi átt sér stað hafi stefnandi verið 54 ára gamall og hafði þá starfað í 16 ár hjá stefnda. Átti stefnandi þá eftir um 11 ár af starfsævi sinni sem atvinnuflugmaður, en atvinnuflugmenn geta lengst starfað til 65 ára aldurs lögum samkvæmt.

Vísar stefnandi til þess að á honum hvíli ekki umfangsmeiri eða víðtækari tjónstakmörkunarskylda en hvað varðar svæði sem skilgreinist af heimahöfn hans, sem jafnframt sé það atvinnusvæði sem horfa verði til. Heimahöfn (e. home base) stefnanda sé skilgreint í grein 03.3 í kjarasamningi FÍA og stefnda en samkvæmt ákvæðinu sé heimahöfn sá staður þar sem flugmaður er ráðinn til starfa og skal koma fram í ráðningarsamningi hvar heimahöfn sé. Sé ekki tekið fram hver heimahöfn sé telst lögheimili flugmanns vera heimahöfn. Í grein 03.4 í kjarasamningnum, sem fjallar um aðsetursskipti, komi fram að um aðsetursskipti sé að ræða í skilningi kjarasamnings ef dvöl flugmanns frá heimahöfn er lengri en 18 dagar. Vilji stefndi flytja aðsetur flugmanns frá heimahöfn í lengri tíma skuli semja við hann sérstaklega í samráði við FÍA. Stefnandi sé belgískur ríkisborgari og með lögheimili í Belgíu. Hvað flugmennina ellefu sem sættu ólögumætri uppsögn liggi fyrir að fimm flugmannanna, þar með talið stefnandi, hafi átt heimahöfn í Liege, Belgíu (LGG). Hinir sex hafi allir átt heimahöfn í Keflavík (KEF).

Kveðst stefnandi vísa til þess að Vigfúsi Ásgeirssyni tryggingastærðfræðingi hafi verið falið að annast útreikning á tjóni stefnanda, sem og annarra flugmanna sem jafnframt hafi sætt hinni ólögumætu uppsögn. Hvað stefnanda varðar hafi annars vegar verið óskað eftir framreikningi til 65 ára aldurs og hins vegar til tveggja ára frá 1. apríl 2021 að telja, miðað við mismunandi forsendur. Kveðst stefnandi vísa um aðferðafræði við útreikning til forsendna í útreikningi Vigfúsar frá 12. desember 2022, en þar segir meðal annars:

*„Aðferðin við framreikninginn er að núvirða ætluð laun hvers mánaðar með vöxtum og hlutfalli þeirra sem eru á lífi. Það mætti ætla að það væri réttara að nota hlutfall þeirra sem eru vinnufærir í stað þeirra sem eru á lífi en það myndi gefa lægra verðmæti launanna. En þar sem veikindalaun og laun vegna örorku eru innifalin, annað hvort vegna kjarasamninga og eða trygginga og lífeyrissjóðsréttinda, þá er mismunur verðmætis vegna eftirlifenda eða verðmætis vegna þeirra sem eru vinnufærir mælikvarði á hvað þessi ákvæði kjarasamninga og eða trygginga og lífeyrissjóðsréttinda gefa. Því er réttara að miða við eftirlifendur frekar en þeirra sem eru vinnufærir.*

*Til að ákveða eftirlifendaföll, vexti og ætlaðar launahækkningar þá er stuðst við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lög númer 129 frá árinu 1997, grein 24. Þar er vísað í reglugerð 391/1998, sem ráðherra (fjármála- og efnahagsráðherra) setur. Í IV. kafla reglugerðarinnar er vísað í vexti og þar segir að*

*miða skuli við 3,5% vaxtaviðmiðun umfram vísitölu neysluverðs. Þar sem lífeyrisréttindi miða við kaupgjald, skal nota 2,0% vaxtaviðmiðun. Það þýðir að það er reiknað með að laun hækki um 1,5% á ári umfram vísitölu neysluverðs. Gildandi lífslíkutöflur staðfestar af ráðherra taka mið af reynslu íslenskra lífeyrissjóða vegna árána 2014 til 2018 með spá um lækkandi dánartíðni.*

*Því er miðað við ofangreindar lífslíkutöflur, 3,5% ársvexti umfram verðlag og 1,5% launahækkunir á ári umfram verðlag.“*

- *sérstaklega varðandi aðalkröfu og fyrstu varakröfu stefnanda:*

Stefnandi kveðst reisa aðalkröfu og fyrstu varakröfu sína á því að ef ekki hefði komið til hinnar ólögætu uppsagnar hefði hann haft réttmætar væntingar til þess að starfa sem flugmaður hjá stefnda allt til loka starfsævi sinnar, eða til 65 ára aldurs, enda ekkert til staðar sem veiti vísbendingu um að til lögmætra starfsloka hefði getað komið fyrir þann tíma, líkt og vísað hafi verið til. Stefnandi kveðst ekki hafa áformað annað en að sinna starfi sínu áfram til þess tíma, enda sé mun meiri stöðugleiki í starfsstétt flugmanna í vöruflugningum en í farþegaflugum og kjör þar góð. Tjón stefnanda nemi því mismun væntra launa hans hjá stefnda frá lokum uppsagnarfrests 1. apríl 2021 fram til 65 ára aldurs og væntra tekna, í kjölfar uppsagnar, frá þriðja aðila á sama tímabili.

Til grundvallar aðal- og fyrstu varakröfu stefnanda sé við ákvörðun á væntum tekjum hans hjá stefnda lagt til grundvallar að stefnandi hafi verið númer þrjú á starfsaldurslista þann 1. apríl 2021 og hafi því borið réttur til að vera á 18. launaskala samkvæmt kjarasamningi, að viðbættu 10% álagi vegna yfirflugstjórástöðu, sem geri föst mánaðarlaun upp á 1.747.033 krónur. Miðað sé við föst mánaðarlaun að viðbættri orlofsuppbót (40% af föstum launum flugmanns), desemberuppbót (35% af föstum launum flugstjóra í 25. launaflokki) og mótframlagi stefnda í lífeyrissjóð, Eftirlaunasjóð FÍA (EFÍA), 16% í samtryggingu og 3% í séreign, alls 19%. Samkvæmt fyrirliggjandi útreikningi Vigfúsar Ásgeirssonar tryggingastærðfræðings, sem miðast við 1. apríl 2021, nemi brúttó núvirt töpuð laun stefnanda hjá stefnda samtals 235.160.018 krónum.

Varðandi aðalkröfu sé við ákvörðun á frádrætti vegna væntra launa frá þriðja aðila lagt til grundvallar að stefnandi hefði fengið notið launa frá 1. apríl 2021 til 65 ára aldurs

miðað við rauntekjur hans frá 1. apríl 2021 til 1. nóvember 2022 og síðan framreikning fastra launa stefnanda hjá Aviobook í Brussel (Aviovision) frá og með þeim tíma.

Vísar stefnandi til eftirfarandi launatekna:

Tekjuár	Mánuður	Atvinnuleysisbætur	AVIOVISION	
		+ 3%	Evrur	Evrur
2021	apríl		1.773	
	maí		1.844	
	júní		1.844	
	júlí		1.915	
	ágúst		1.844	
	september		1.317	
	október		1.390	
	nóvember		1.682	
	desember		1.536	
2022	janúar		1.940	
	febrúar		1.791	
	mars		2.056	
	apríl		533	3.750
	maí			3.750
	júní			3.750
	júlí			3.750
	ágúst			3.750
	september			3.750
	október			3.900

Hvað varðar tekjur Aviobook (Aviovision) er miðað við föst mánaðarlaun í evrum og til viðbótar tekið mið af 3% mótframlagi í lífeyrissjóð, orlofsuppbót 85% af mánaðarlaunum (3.900 evrum) eða 3.315 evrum og desemberuppbót sem jafngildir einum mánaðarlaunum, 3.900 evrum. Hvað varðar atvinnuleysisbætur sé tekið tillit til 3% mótframlags í lífeyrissjóð (innifalið í tilgreindum fjárhæðum). Samkvæmt fyrirbyggjandi útreikningi Vigfúsar Ásgeirssonar tryggingastærðfræðings séu rauntekjur frá 1. apríl 2021 til 1. nóvember 2022 og framreiknuð laun frá þeim tíma til 65 ára aldurs

stefnanda (miðað við tölulegar forsendur í október 2022, tekjur frá Aviobook/Aviovision) alls 63.267.872 krónur. Sé fyrsta varakrafa stefnanda þannig mismunur framangreindra fjárhæða, eða 171.892.146 krónur (235.160.018–63.267.872).

- *sérstaklega varðandi aðra varakröfu stefnanda:*

Stefnandi kveðst byggja aðra varakröfu sína um bætur að álitum á sömu forsendum og málsástæðum og að framan, telji dómurinn forsendur til þess að miða við skemmra bótatímabil en þar greinir og/eða að leggja beri til grundvallar annað viðmið, hvort heldur varðandi útreikning á töpuðum launum eða frádrætti, að virtum atvikum öllum.

- *sérstaklega varðandi þriðju og fjórðu varakröfu stefnanda:*

Stefnandi kveðst byggja þriðju og fjórðu varakröfu sína á því að hvað sem öllu öðru líði geti bótatímabil stefnanda aldrei verið styttra en sem nemur tveimur árum frá lokum starfssambands hans hjá stefnda, þann 1. apríl 2021, eða til 1. apríl 2023. Starfsaldursreglur eru hluti af kjarasamningi FÍA og stefnda, líkt og rakið hefur verið. Af starfsaldursreglum og samspili þeirra við forgangsréttarákvæði kjarasamnings leiðir að komi til uppsagnar vegna lögmætrar mannaþækkunar í skilningi kjarasamningsins, þ.e. ef fækka þarf flugmönnum á starfsaldurslista vegna árstíðabundinna ástæðna eða af öðrum málefnalegum rekstrarlegum ástæðum, að undangengnum uppsögnum á öllum öðrum flugmönnum sem ekki eiga sæti á starfsaldurslista (þar með töldum „sjálfstæðum verktökum“) eigi viðkomandi flugmaður sem uppsögn sætir rétt til endurráðningar í tvö ár frá því hann lét af störfum. Uppsögn stefnanda auk flugmannanna tíu sem voru á starfsaldurslista gekk í berhögg við starfsaldursreglur og forgangsréttarákvæði kjarasamnings að þessu leyti og því áttu flugmennirnir 11 skýlausan rétt til þess að ráðningarsamband allra yrði virkjað að nýju frá og með 1. apríl 2021. Að sögn stefnanda varð stefndi ekki við ítrekuðum áskorunum um að endurráða flugmennina 11 til starfa og af þeim sökum verði bótatímabil stefnanda aldrei talið ná yfir skemmra tímabil en sem nemur tveggja ára endurráðningarrétti frá lokum uppsagnarfrests.

Að sögn stefnanda séu við ákvörðun á brúttótjóni samkvæmt þriðju og fjórðu varakröfu lagðar til grundvallar sömu mánaðarlaunaforsendur og greinir í umfjöllun varðandi aðalkröfu og fyrstu varakröfu (vænt laun stefnanda hjá stefnda). Samkvæmt fyrirbyggjandi útreikningi Vigfúsar Ásgeirssonar tryggingastærðfræðings, sem miðast við

1. apríl 2021, nemi brúttó framreiknuð töpuð laun stefnanda hjá stefnda tímabilið 1. apríl 2021 til 1. apríl 2023 samtals 53.811.824 krónum.

Vísað sé til þess að við ákvörðun á frádrætti vegna væntra launa frá þriðja aðila séu, varðandi þriðju varakröfu, lagðar til grundvallar sömu mánaðarlaunaforsendur og greinir undir fyrstu varakröfu (rauntekjur frá 1. apríl 2021 til 1. nóvember 2022, auk framreiknings frá þeim tíma til 1. apríl 2023 miðað við kjör hjá Aviobook/Aviovision). Samkvæmt fyrirbyggjandi útreikningi Vigfúsar Ásgeirssonar tryggingastærðfræðings nemi rauntekjur frá 1. apríl 2021 til 1. nóvember 2022 og framreiknuð laun frá þeim tíma til 1. apríl 2023 alls 10.890.477 krónum.

Sé þriðja varakrafa stefnanda því mismunur framangreindra fjárhæða, eða 42.921.347 krónur (53.811.824–10.890.477).

Þá sé vísað til þess að við ákvörðun á frádrætti vegna væntra launa frá þriðja aðila séu, varðandi fjórðu varakröfu, lagðar til grundvallar sömu mánaðarlaunaforsendur og greini undir aðalkröfu (laun flugstjóra á grundvelli samnings „sjálfstætt starfandi verktaka“ hjá Confair Consultancy B.V. fyrir stefnda) frá 1. apríl 2021 til 1. apríl 2023. Samkvæmt fyrirbyggjandi útreikningi tryggingastærðfræðingsins, sem miðast við gengi evru 1. apríl 2021, nema laun samkvæmt „verktakasamningi“ frá 1. apríl 2021 til 1. apríl 2023 alls 20.811.276 krónum.

Sé fjórða varakrafa því mismunur framangreindra fjárhæða, eða 33.000.548 krónur (53.811.824–20.811.276).

Stefnandi kveðst að öðru leyti varðandi dómkröfur sínar vísa til afstöðu stefnda sjálfs í fyrrgreindu lögbannsmáli þar sem stefndi hafi meðal annars ítrekað fullyrt að árlegur kostnaður við hvern flugmann sem starfar samkvæmt kjarasamningi sem gerður hafi verið á milli FÍA og stefnda sé að meðaltali 20 milljónum króna hærri fyrir stefnda en kostnaður við að hafa starfandi „sjálfstætt starfandi verktaka“. Þá sé vísað til fyrirbyggjandi samskipta þáverandi forstjóra stefnda við ECA (European Cockpit Association). Fullyrðingar stefnda um launakostnað renni þannig frekari stoðum undir tjón stefnanda.

Kveðst stefnandi vekja athygli á því að undir öllum dómkröfum sé miðað við föst eða reglubundin laun, hvort heldur er við útreikning á töpuðum launum gagnvart stefnda eða launaviðmiði til frádráttar. Ekki sé tekið tillit til mögulegrar yfirvinnu, dagpeninga eða annarra aukagreiðslna og því sé í öllu tilliti stillt upp sambærilegum launum fyrir venjulega vinnu. Um gengisviðmið þar sem það á við sé vísað til fyrirbyggjandi útreiknings tryggingastærðfræðingsins frá 12. desember 2022.

Um lagarök kveðst stefnandi einkum vísa til meginreglna samninga- og vinnuréttar um samningsfrelsi, skuldbindingargildi samninga og efndabætur. Þá kveðst stefnandi vísa til meginreglna kröfuréttar og skaðabótaréttar, einkum hvað varði lögfylgjur ólögmetra uppsagna og skaðabóta, þar með talinnar sakarreglunnar. Sérstaklega sé vísað til gildandi kjarasamnings Félags íslenskra atvinnuflugmanna og stefnda, sem ráðningarkjör stefnanda hafi miðast við.

#### IV

##### *Helstu málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi kveður ágreining málsins varða rétt stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna uppsagnar stefnanda úr starfi fastráðins flugmanns hjá stefnda, sem fram fór 30. desember 2020, en þann dag var 11 fastráðnum flugmönnum, sem allir eru félagsmenn í Félagi íslenska atvinnuflugmanna (FÍA), sagt upp störfum hjá stefnda með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Stefndi telur rétt að benda á að í stefnu sé því haldið fram að „[b]ótagrundvöllur máls þessa [sæti] ekki endurskoðun, enda dómur Félagsdóms í máli 2/2021 endanlegur og bindandi um það atriði“ og að fjárhæð bóta sé „eina úrlausnarefnið fyrir rétti nú“. Stefndi kveður þetta ekki rétt. Þvert á móti lúti ágreiningur málsins fyrst og fremst að rétti stefnanda til bóta, en einnig sé í málinu deilt um mögulega fjárhæð skaðabóta, ef talið verður að bótaskylda sé yfir höfuð fyrir hendi.

Stefndi kveður sýknukröfu sína byggða á því að bótaskylda hans sé ekki fyrir hendi. Þannig hafi stefnandi hvorki sýnt fram á grundvöll bótaskyldu né að hann hafi orðið fyrir tjóni af völdum meintrar ólögmetrar uppsagnar af hálfu stefnda. Þá hafi stefnandi ekki

lagt fram fullnægjandi gögn sem sýni fram á fjárhæð ætlaðs tjóns hans vegna uppsagnarinnar. Eigi stefnandi því ekki rétt á bótum úr hendi stefnda.

*1 Ekki hafi verið sýnt fram á skaðabótaskyldu stefnda*

*1.1 Dómur Félagsdóms í máli nr. 2/2021 sé ekki fullnægjandi grundvöllur bótaskyldu stefnda í málinu*

Líkt og vikið hefur verið að höfðaði FÍA mál fyrir Félagsdómi gegn stefnda og Samtökum atvinnulífsins fyrir hönd stefnanda í kjölfar uppsagna á félagsmönnum FÍA. Í málinu gerði FÍA meðal annars þær kröfur að viðurkennt yrði **(i)** að uppsagnir umræddra flugmanna hefðu verið ólögmætar þar sem þær hefðu brotið gegn ákvæði a-liðar 4. gr. laga nr. 80/1938, **(ii)** að flugmennirnir ættu kjarasamningsbundinn rétt til endurráðningar hjá stefnda, og **(iii)** að sú ákvörðun að taka flugmennina af vaktsskrá og „fela svonefndum sjálfstætt starfandi verk tökum að ganga í störf þeirra sem flugstjórar og/eða flugmenn í flugferðum til og frá Íslandi meðan yfirstandandi verkfall félagsmanna í [FÍA] stendur“ fæli í sér ólögmætt verkþann og brot gegn löglega boðuðu yfirstandandi verkfalli.

Með dómi í því máli, nr. 2/2021, sem kveðinn var upp þann 16. september 2021, var kröfu um viðurkenningu á rétti til endurráðningar vísað frá dómi, og jafnframt sýknað af kröfu um viðurkenningu á ólögmæti ákvörðunar um að taka flugmennina af vaktsskrá.

Með dóminum hafi því hvorki verið leyst úr ágreiningi um forgangsrétt stefnanda til starfa hjá stefnda né um rétt hans til endurráðningar á grundvelli kjarasamnings FÍA og stefnda.

Stefndi vísar til þess að í dómi meirihluta Félagsdóms hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að stefndi hefði brotið gegn ákvæði a-liðar 4. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með uppsögnum á félagsmönnum FÍA. Í forsendum dómsins komi meðal annars fram að stefndi hafi ekki sýnt nægilega fram á það með fullnægjandi gögnum að til grundvallar ákvörðun um uppsögn hafi legið rekstrarlegar ástæður. Um niðurstöðu meirihluta Félagsdóms sé einkum tvennt sem stefndi telur mikilvægt að taka fram vegna máls þess sem hér er til úrlausnar:

Í fyrsta lagi hafi Félagsdómur enga afstöðu tekið til þess hvort stefnandi gæti talist eiga rétt á skaðabótum vegna uppsagnar hans úr starfi hjá stefnda. Í dómi meirihlutans hafi eingöngu verið kveðið á um að stefndi hafi brotið gegn ákvæði a-liðar 4. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur með uppsögnum á félagsmönnum FÍA. Þannig hafi dómurinn ekki viðurkennt bótaskyldu stefnda gagnvart einstökum flugmönnum og hafi enginn bótagrundvöllur verið staðfestur.

Í öðru lagi sé dómur aðeins bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem koma að lögum í þeirra stað um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til, sbr. 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991. Eigi þetta jafnt við um dóma Félagsdóms sem aðra dóma íslenskra dómstóla, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar í málinu nr. 266/2003. Hér hátti svo til að ákvæði 1. mgr. 116. gr. leiði ekki til þess að niðurstaða Félagsdóms verði lögð til grundvallar úrlausn í þessu máli. Í því samhengi beri að líta til þess að með dómi Félagsdóms hafi ekki verið leyst úr því hvort stefnandi eða aðrir ættu rétt á skaðabótum vegna uppsagnar úr starfi hjá stefnda. Félagsdómur hafi enga afstöðu tekið til þess í úrlausn sinni. Sakarefni þessa máls sé því ódæmt. Þá sé dómur aðeins bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem koma að lögum í þeirra stað. Aðili máls til sóknar í dómi Félagsdóms sé FÍA en ekki stefnandi.

Vísar stefndi til þess að niðurstaða Félagsdóms bindi þannig engan veginn aðila þessa máls eða dómstóla þegar kemur að bótakröfum stefnanda. Sé því bersýnilega röng sú staðhæfing stefnanda að bótagrundvöllur málsins sæti ekki endurskoðun og að eingöngu sé deilt um fjárhæð bóta í máli þessu. Dómur um að uppsögn fari í bága við lög nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur felur ekki í sér viðurkenningu á bótaskyldu vinnuveitanda, enda er það grundvallarskilyrði fyrir slíkri bótaskyldu að starfsmaður sýni fram á að öll skilyrði bótaréttar séu fyrir hendi, þar á meðal að hann hafi orðið fyrir tjóni og að það tjón verði rakið til ólögmatrar háttsemi af hálfu vinnuveitanda. Ágreiningur málsins lúti þannig í reynd að verulegu leyti að því hvort bótaskylda sé yfir höfuð fyrir hendi, en stefndi telur að svo sé ekki.

Að sögn stefnda virðist stefnandi í reynd byggja grundvöll bóta á öðru en a-lið 4. gr. laga nr. 80/1983 um stéttarfélög og vinnudeilur, þ.e. á ákvæðum kjarasamnings FÍA og stefnda um forgangsrétt og rétt til endurráðningar til tveggja ára, en sá kjarasamningur

hafi fallið úr gildi 30. júní 2020. Í dómi Félagsdóms felst sem fyrir segir engin viðurkenning á því að stefnandi eigi forgangsrétt eða rétt til endurráðningar til tveggja ára samkvæmt kjarasamningi, en svo sem nánar verður rakið telur stefndi að slík kjarasamningsbundin réttindi hafi ekki verið fyrir hendi á þeim tíma sem hér skipti máli.

Þá kveðst stefndi benda á að dómur Félagsdóms hafi verið þríklofinn. Í sératkvæði Ólafs Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns segi að ekki verði séð að neitt það hafi borið til í sambandi við þau atvik sem í málinu greinir er bendi til þess að stefndi hafi gerst sekur um nokkuð það sem falli undir verknaðarlýsingu a-liðar 4. gr. laga nr. 80/1938. Taldi sá dómari því rétt að sýkna stefnda af umræddri kröfu FÍA í málinu. Stefndi tekur undir þessa niðurstöðu og telur sig á engan hátt hafa sýnt af sér ólögmeta eða saknæma háttsemi í tengslum við uppsögn á flugmönnum í FÍA. Þvert á móti hafi uppsagnirnar verið lögmætar og samræmst kjarasamningi aðila, enda eingöngu byggðar á rekstrarlegum ástæðum. Byggi stefndi þannig á því að niðurstaða meirihluta dómsins, um að brotið hafi verið gegn ákvæði a-liðar 4. gr. laga nr. 80/1938, sé efnislega röng. Í öllu falli verði af þessu ráðið að háttsemi stefnda hafi ekki verið svo alvarleg að stefndi skuli bera bótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna hennar.

Þrátt fyrir niðurstöðu dóms Félagsdóms telji stefndi því að engin bótaskylda sé fyrir hendi. Torvelt sé að sjá af stefnu á hvaða grundvelli stefnandi byggir bótaskyldu stefnda í málinu og vísar stefndi til þess að stefnandi hafi ekki fært fram haldbær rök fyrir því að hann eigi rétt á skaðabótum umfram þau laun sem hann hefur þegar fengið greidd í uppsagnarfresti. Reifun málsástæðna í stefnu hvað varði bótagrundvöll, tjón og orsakatengsl sé jafnframt með öllu ófullnægjandi. Að sögn stefnda hvílir það á stefnanda að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni sem rakið verði til bótaskyldrar háttsemi af hálfu stefnda, en það hafi stefnandi ekki gert, eins og nánar verði rökstutt í eftirfarandi umfjöllun. Stefnandi hafi þvert á móti gengið út frá því í málatilbúnaði sínum að eingöngu sé deilt um fjárhæð bóta og hefur þannig ekki rökstutt með neinu móti að önnur skilyrði bótaréttar séu fyrir hendi.

Samkvæmt þessu hafi stefnandi ekki sýnt fram á ólögmeta og saknæma háttsemi af hálfu stefnda sem rennt geti stoðum undir bótaskyldu í máli þessu, en stefnanda dugi ekki að vísa til dóms Félagsdóms í þeim efnunum. Telur stefndi að með því að stefnandi hafi hvorki

fært fram fullnægjandi rök fyrir þeim bótagrundvelli sem byggt er á í málinu né tekist að færa sönnur á tjón sitt, svo og orsakatengsl á milli þess tjóns og meintrar bótaskyldrar háttsemi stefnda, beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

*1.2 Ákvæði útrunnins kjarasamnings FÍA og stefnda geti ekki verið grundvöllur bóta*  
Stefndi kveðst byggja á því að ákvæði kjarasamnings á milli FÍA og stefnda, sem gerður var 2. júlí 2018 með gildistíma til 31. mars 2020, en var framlengdur til 30. júní 2020, hafi ekki verið í gildi á þeim tíma sem hér skipti máli. Uppsögn stefnanda hafi því hvorki farið í bága við ákvæði kjarasamningsins um forgangsrétt flugmanna í FÍA til starfa hjá stefnda né ákvæði starfsaldursreglna kjarasamningsins um rétt til endurráðningar, svo sem stefnandi virðist ganga út frá.

Verði allt að einu litið svo á að kjarasamningur aðila frá 2. júlí 2018 hafi af einhverjum ástæðum enn verið í gildi við uppsögn stefnanda 30. desember 2020, og við starfslok hans 1. apríl 2021, kveðst stefndi byggja á því að uppsögnin hafi, hvað sem öðru líður, ekki brotið í bága við ákvæði kjarasamningsins og geti stefnandi því ekki byggt bótarétt sinn á þeim grundvelli, sbr. síðari umfjöllun.

Stefndi vísar til þess að í forsendum fyrrgreinds dóms Félagsdóms komi fram að í íslenskum vinnumarkaðsrétti hafi verið gengið út frá því að þegar kjarasamningur rennur út eða honum er sagt upp fari í meginatriðum áfram um réttindi og skyldur samningsaðila eftir eldri samningi meðan enn sé ósamið og verkfall ekki skollið á, sbr. meðal annars dóma Félagsdóms frá 17. febrúar 1986 í máli nr. 10/1985 og 16. febrúar 2021 í máli nr. 13/2020.

Til nokkurra atriða sé að líta í þessu sambandi að sögn stefnda. Í fyrsta lagi fari aðeins „í meginatriðum“ áfram um réttindi og skyldur samningsaðila eftir eldri kjarasamningi þegar samningur er runninn út. Í þessu felist að eingöngu skuli farið eftir meginákvæðum eldri samnings, en ljóst sé að ekki skuli farið eftir eldri samningi í öllum atriðum. Þannig mætti fallast á að stefndi þurfi að virða lágmarkskjör starfandi flugmanna í ákveðinn tíma eftir að kjarasamningur aðila er fallinn úr gildi, en ákvæði um forgangsrétt og rétt til endurráðningar samkvæmt kjarasamningi séu annars eðlis, enda teljist slík réttindi ekki

til lágmarkskjara í skilningi 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Þrátt fyrir að kjarasamningur, sem fallinn sé úr gildi, geti þannig mögulega gilt áfram í nokkurn tíma um kjarnaatriði, eins og til dæmis grunnlaun og uppsagnarfrest, geti hið sama bersýnilega ekki átt við um rétt til forgangs í störf hjá vinnuveitanda eða starfsaldurstengd réttindi, þar á meðal rétt til endurráðningar. Ljóst sé að slík kjarasamningsbundin réttindi séu verulega óvenjuleg og verði því engan veginn talin til „meginákvæða“ kjarasamnings. Að mati stefnda sé því ljóst að umrædd ákvæði um forgangsrétt og rétt til endurráðningar hafi ekki getað gilt áfram eftir að kjarasamningur stefnda og FÍA rann sitt skeið 30. júní 2020. Þegar stefnanda var sagt upp störfum 30. desember 2020 hafi hann því hvorki átt forgangsrétt í störf hjá stefnda samkvæmt grein 01.3 í umræddum kjarasamningi milli FÍA og stefnda né rétt til endurráðningar innan tveggja ára samkvæmt d-lið 5. gr. starfsaldursreglna kjarasamningsins.

Í öðru lagi komi skýrt fram í fyrrgreindum dómum Félagsdóms að kjarasamningur skuli eingöngu halda gildi sínu á meðan verkfall sé ekki skolið á. Ekki sé um það deilt að 1. febrúar 2021 hófst verkfall flugmanna stefnda sem eru félagsmenn í FÍA, en stefnandi er þeirra á meðal. Stefndi krafðist lögbanns á verkfallsaðgerðir FÍA en kröfu um lögbann var hafnað með úrskurði Landsréttar í máli nr. 177/2021. Að sögn stefnda verði ekki annað ráðið en að verkfall standi í reynd enn yfir. Af þeim sökum fór frá og með 1. febrúar 2021 ekki áfram um réttindi og skyldur FÍA gagnvart stefnda eftir kjarasamningi aðila frá 2. júlí 2018.

Stefndi vísar til þess að kjarasamningur sé eins konar friðarsamningur á milli aðila samningsins. Skuldbindingar aðila um að halda frið sín á milli á gildistíma kjarasamnings séu í reynd forsenda samningsgerðar. Á meðan kjarasamningur er enn í gildi sé stéttarfélagi því óheimilt að beita verkfallsvopninu til þess að knýja fram breytingar á samningnum. Verkfall vegna kjaraatriðis, sem um er samið í kjarasamningi, sé með öðrum orðum ólöglegt á meðan samningur er enn í gildi, sbr. 17. gr. laga nr. 80/1938. Kjarasamningur geti af þeim sökum ekki haldið gildi sínu þegar verkfall er hafið. Með bréfi 15. janúar 2021 tilkynnti FÍA stefnda að ákvörðun hefði verið tekin um vinnustöðvun flugmanna hjá stefnda í þeim tilgangi að knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör þeirra hjá honum, og hafi verkfall sem fyrr segir hafist 1.

febrúar 2021. Ákvæði útrunnins kjarasamnings milli FÍA og stefnda hafi því ekki getað haldið gildi sínu eftir þann tíma. Í öllu falli hafi forsendur fyrir ákvæðum um forgangsrétt og rétt til endurráðningar í kjarasamningi verið brostnar við upphaf verkfallsins. Þegar stefnandi lét af störfum hjá stefnda við lok þriggja mánaða uppsagnarfrests 1. apríl 2021 hafi því hvorki verið í gildi ákvæðið um forgangsrétt í grein 01.3 í umræddum kjarasamningi né ákvæðið um rétt til endurráðningar í d-lið 5. gr. starfsaldursreglna samningsins. Geti stefnandi þar með ekki byggt neinn rétt til bóta á þessum ákvæðum.

Í þriðja lagi telur stefndi, hvað sem öðru líði, ótækt að líta svo á að útrunninn kjarasamningur haldi gildi sínu út í hið óendanlega þegar ekki næst að semja um nýjan kjarasamning. Að öðrum kosti væri staðan sú að FÍA gæti haldið í gildi umræddu forgangsréttarákvæði og endurráðningarákvæði, þvert gegn vilja stefnda, eins lengi og stéttarfélagið kysi, með því að hafna öllum boðum stefnda og neita að semja um skilmála nýs kjarasamnings. Slík staða væri bersýnilega óviðunandi. Vísar stefndi til þess að kjarasamningar séu í eðli sínu tímabundnir og er þeim ekki ætlað að standa óbreyttum um aldur og ævi. Slíkir samningar eru þannig uppsegjanlegir, hvort sem það er sérstaklega tilgreint í samningnum sjálfum eða ekki, sbr. 6. gr. laga nr. 80/1938. Því telur stefndi ekki annað tækt en að miða við að reglur kjarasamnings aðila hafi fallið úr gildi í síðasta lagi þegar ljóst var orðið að aðilar næðu ekki að koma sér saman um nýjan kjarasamning. Verður í reynd að telja að það hafi verið í byrjun árs 2021, eða í öllu falli ekki síðar en við boðun verkfalls flugmanna FÍA 15. janúar 2021, enda hafi þá legið ljóst fyrir að stefnandi og aðrir félagsmenn FÍA höfðu engan vilja til að ganga til samninga við stefnda um nýjan kjarasamning eða að starfa hjá honum í náinni framtíð. Til marks um það kveðst stefndi benda á að í desember 2020 hafi stefndi beðið FÍA um kjarafund á milli jóla og nýárs, en FÍA afþakkað það boð þar sem á þeim tímapunkti hafi verið orðið ljóst að ekki myndi nást að semja um skilmála nýs kjarasamnings.

Stefndi telur auk þess að í lok árs 2020 hafi forsendur í reynd verið brostnar fyrir því að kjarasamningur stefnda og FÍA héldist í gildi. Í 1. gr. kjarasamningsins segir þannig að samningurinn sé gerður milli flugmanna og stefnda með það að markmiði að móta rekstrargrundvöll sem gefi stefnda tækifæri á að bjóða samkeppnishæfa flugþjónustu í alþjóðlegu rekstrarumhverfi. Það hafi því í reynd verið tilgangur kjarasamningsins að stefnda yrði gert kleift að starfa sem samkeppnishæfur aðili á sviði fraktflutninga. Þær

forsendur hafi augljóslega verið brostnar árið 2020, enda hafi félagið verið rekið með tapi bæði árin 2019 og 2020, að mestu leyti vegna þess að kjör fastráðinna flugmanna, sem voru meðlimir FÍA, hafi verið óhóflega há og í engu samræmi við þau kjör sem samkeppnisaðilar stefnda greiddu flugmönnum sínum fyrir sömu störf. Aðstæður voru slíkar í lok árs 2020 að stefndi gat ekki boðið samkeppnishæfa flugþjónustu í Evrópu nema með því að lækka verulega kjör fastráðinna flugmanna sinna.

Vísar stefndi til þess að samkvæmt þessu sé ljóst að ákvæði greinar 01.3 í kjarasamningi FÍA og stefnda frá 2. júlí 2018 um forgangsrétt meðlima FÍA í störf hjá stefnda og ákvæði d-liðar 5. gr. starfsaldursreglna kjarasamningsins um rétt fastráðinna flugmanna til endurráðningar hjá stefnda innan tveggja ára hafi verið fallin úr gildi 30. desember 2020 þegar stefnanda var sagt upp störfum, eða í öllu falli 1. febrúar 2021 þegar verkfall FÍA hófst, og hafi þar með ekki verið í gildi þegar stefnandi lét af störfum sínum hjá stefnda. Stefnandi geti þannig ekki byggt rétt til bóta á ákvæðum kjarasamningsins.

### *1.3 Stefnandi hafi ekki brotið gegn ákvæðum kjarasamnings FÍA og stefnda*

#### *1.3.1 Stefnandi hafi ekki brotið gegn ákvæðum greinar 01.3 í kjarasamningnum*

Verði litið svo á að kjarasamningur milli FÍA og stefnda frá 2. júlí 2018 hafi ekki verið runninn úr gildi þegar stefnanda var sagt upp, eða við lok uppsagnarfrests hans, kveðst stefndi byggja á því að ákvæðið í grein 01.3 í kjarasamningnum geti, hvað sem öðru líði, ekki veitt stefnanda neinn rétt í þessu tilviki.

Stefndi vísar til þess að stefnanda hafi verið sagt upp störfum hjá stefnda vegna aðkallandi aðstæðna í rekstri stefnda og brýnnar þarfar á hagræðingu og endurskipulagningu. Þannig hafi eingöngu rekstrarlegar forsendur legið að baki uppsögn á stefnanda og öðrum flugmönnum innan FÍA. Stefnda hafi verið fullkomlega heimilt að segja þessum flugmönnum upp störfum á grundvelli rekstrarástæðna, en hvorki kjarasamningur FÍA og stefnda né ráðningarsamningur málsaðila hafi komið í veg fyrir heimild stefnda til að segja stefnanda upp á þeim grundvelli. Auk þess sé ekkert í lögum sem banni uppsögn starfsmanna á meðan viðræður um nýjan kjarasamning standa yfir, en tilgangur uppsagnanna hafi ekki verið að reyna að hafa áhrif á kjarasamningsviðræður við FÍA. Uppsagnirnar hafi einfaldlega verið nauðsynlegar vegna rekstrarerfiðleika og þess gríðarlega kostnaðar sem stefndi hafi orðið fyrir við það að hafa flugmenn FÍA

starfandi á þeim óhóflega háu kjörum sem þeir nutu á þessum tíma. Þá vísar stefndi til þess að vinnuveitendur á almennum vinnumarkaði hafa að verulegu leyti frjálst mat við uppsagnir starfsmanna sinna.

Vegna erfiðra aðstæðna í rekstri stefnda og nauðsyn á auknum sveigjanleika í rekstrinum kveðst stefndi hafa neyðst til að segja upp fastráðnum flugmönnum í FÍA, sem hafi verið langdýrustu starfskraftar stefnda, enda hafi stefndi ekki getað staðið undir þeim kostnaði sem hlaust af því að hafa þessa flugmenn á sömu kjörum og verið hafði. Að sögn stefnda hafi uppsögnin byggst á lögætum og málefnalegum ástæðum. Sé litið til meðalfjölda vinnustunda fastráðinna FÍA-flugmanna hjá stefnda á mánuði sé ljóst að flugmennirnir voru í minna en 50% starfi hjá stefnda, en þó með laun eins og um 100% starfshlutfall væri að ræða. Kjör stefnanda hafi því verið í algjöru ósamræmi við starfshlutfall hans, sem og þau kjör sem samkeppnisaðilar stefnda í fraktflutningum greiddu sínum flugmönnum fyrir sambærileg störf og svipað vinnuframlag. Stefndi kveðst ekki hafa getað starfað sem samkeppnishæfur aðili á sviði fraktflutninga nema með því að hagræða í rekstri sínum með þeim hætti sem gert var eða lækka verulega laun fastráðinna flugmanna innan FÍA. Við þær aðstæður sem uppi voru í rekstri stefnda á þessum tíma hefði ekki verið eðlilegt eða raunhæft að stefnandi og meðlimir FÍA gætu starfað áfram hjá stefnda á óbreyttum kjörum, enda hefði slíkt leitt til verulegs fjárhagslegs taps fyrir stefnda og líklega að endingu til þess að leggja þyrfti starfsemi stefnda niður.

Af hálfu stefnda vísast til þess að Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA), sem sér um eftirlit með flugöryggi í Evrópu, hafi sett reglur sem kveði á um ákveðið hámark flugstunda sem flugmenn megi vinna á mánuði og jafnframt á ársgrundvelli. Kjarasamningur stefnda og FÍA frá 2. júlí 2018 takmarkaði heimildir stefnda enn frekar í þeim efnunum og gerði stefnda í raun ókleift að nýta félagsmenn FÍA á árangursríkan hátt. Stefndi vísar til þess að hann sé tiltölulega lítið flugfélag sem hafði aðeins fimm flugvélar í rekstri meginhluta ársins 2020 og voru flugvélar hans fastar til notkunar í störf fyrir ákveðinn viðskiptavin hverju sinni. Þá hafi stefndi aðeins getað nýtt flugvélar sínar um nætur, frá klukkan 1 að nóttu til klukkan 6 um morgun, og var því aðeins hægt að nota flugmenn FÍA í störf á þeim tíma enda stundi stefndi aðeins farmflutninga en enga farþegaflutninga. Rekstur stefnda hafi því komið í veg fyrir að hann gæti nýtt fastráðna flugmenn sína, þar á meðal stefnanda, í meira en 50% starf. Flestir hinna fastráðnu flugmanna hafi auk þess verið

með heimahöfn á Íslandi, en aðeins ein flugvél stefnda hafi flogið til og frá Íslandi á þessum tíma og hafi sú vél sem fyrr segir verið með heimahöfn í Liège í Belgíu. Aðeins tæp 9% heildarflugs Bláfugls tengdust því Íslandi á árunum 2019 og 2020. Þar sem ekki hafi verið unnt að nýta hina fastráðnu flugmenn betur, þannig að réttlæt看legt væri að greiða þeim laun miðað við fullt starf, hafi eingöngu komið til greina að færa kjör umræddra flugmanna í FÍA til samræmis við raunverulegt starfshlutfall þeirra og venjuleg kjör á samkeppnismarkaði.

Sem þátt í kjaraviðræðum aðila kveðst stefndi hafa boðið hinum fastráðnu FÍA-flugmönnum að halda störfum sínum hjá félaginu gegn því að þeir myndu njóta heildarkjara miðað við 63,2% starfshlutfall, en með því yrðu kjör þeirra færð til samræmis við raunverulegt vinnuframlag flugmannanna og aðstæður í rekstri stefnda, meðal annars möguleika stefnda á að nýta flugmennina í starfsemi sinni. Tilboð stefnda hafi þannig tekið mið af þeim fjölda flugstunda sem hinir fastráðnu FÍA-flugmenn unnu fyrir stefnda á mánuði og voru heildarkjör flugmannanna hlutfölluð miðað við það vinnuframlag, en að auki gerði tilboðið ráð fyrir að flugmennirnir gætu gegnt öðrum störfum samhliða starfi sínu hjá stefnda, enda ekki um fullt starf að ræða. Tilboð þetta hafi verið lagt fram að ráði Samtaka atvinnulífsins og að baki því hafi legið mikil greiningarvinna með það að markmiði að komast að niðurstöðu um eðlileg og sanngjörn heildarkjör.

Stefndi kveðst hafa lagt í heild fram þrjú tilboð í kjarasamningsviðræðum við FÍA, en FÍA fór sem fyrr segir með samningsumboð fyrir hönd flugmanna innan stéttarfélagssins gagnvart stefnda, sbr. b-lið 2. gr. laga FÍA. Í tilboðum stefnda hafi í meginatriðum falist að stefnandi fengi hæfileg heildarlaun á mánuði, sem samræmdust markaðskjörum, fyrir vinnuframlag sem næmi samtals 12 virkum vinnudögum, en það svari til 63,2% starfshlutfalls miðað við að full nýting flugmanns sé 19 virkir vinnudagar á mánuði. Að sögn stefnda hafi tilboðin endurspeglad samkeppnishæf kjör á íslenskan og erlendan mælikvarða fyrir raunverulegt vinnuframlag sem flugmenn innan FÍA inntu af hendi í starfi sínu hjá stefnda. Tilboðum stefnda hafi hins vegar verið hafnað af FÍA fyrir hönd stefnanda jafnt sem annarra flugmanna. Allt frá árslokum 2020 hafi raunar verið ljóst að vilji FÍA stóð ekki til þess að semja við stefnda. Virðist FÍA í reynd aldrei hafa haft í hyggju að gefa eftir af sínum kröfum til að koma til móts við erfiðar rekstraraðstæður

stefnda og ná sanngjörnu samkomulagi um kjör. Þar sem stefndi hafi ekki verið í aðstöðu til að semja aftur um sömu kjör og hinir fastráðnu flugmenn höfðu áður notið neyddist hann til þess að segja þeim upp störfum. Með því að stefndi bauð stefnanda áframhaldandi störf á eðlilegum kjörum getur stefndi eðli málsins samkvæmt ekki talist hafa brotið gegn meintum forgangsrétti stefnanda með uppsögninni. Vísar stefndi til þess að í því samhengi verði að hafa í huga að meintur kjarasamningsbundinn forgangsréttur geti ekki talist fela í sér rétt til að starfs á tilteknum kjörum.

Stefndi kveðst hafna öllum staðhæfingum stefnanda um að stefndi hafi blómstrað og vaxið í kjölfar COVID-19. Flugvélar stefnda séu skammdrægar vélar, eða svokallaðar „narrow-body short-haul“ flugvélar, og séu með margfalt minni flutningsgetu en langdrægar breiðþotur. Hvað sem líði áhrifum heimsfaraldursins á rekstur flugfélaga með langdrægar breiðþotur hafi heimsfaraldurinn þannig komið illa niður á rekstri stefnda, svo sem lýst er í ársreikningi stefnda fyrir árið 2020. Sá vöxtur og hagnaður sem stefnandi telur að faraldurinn hafi skilað í fraktflutningum á heimsvísu tengist fyrst og fremst flugi með hlífðarbúnað vegna faraldursins frá Kína til Evrópu, en stefndi hafi ekki þótt samkeppnishæfur á þeim markaði þar sem flugvélar stefnda geta ekki flogið svo langar vegalengdir. Í kjölfar COVID-19 stigu farþegaflutningafyrirtæki auk þess inn á fraktflutningamarkað vegna minnkandi eftirspurnar eftir farþegaflugum og skapaði það aukna samkeppni á þeim markaði sem stefndi starfar á. Þá höfðu faraldurinn og sóttvarnaaðgerðir vegna hans ýmis neikvæð áhrif á starfsemi stefnda og juku rekstrarkostnað, meðal annars þar sem dýrara varð að færa áhafnir á milli starfsstöðva. Er því vísað á bug öllum fullyrðingum stefnanda um að stefndi hafi blómstrað og vaxið vegna COVID-19 á þeim árum sem hér um ræðir, en vangaveltur um velgengni og horfur í rekstri stefnda hafa auk þess enga þýðingu í máli þessu. Auk þess verði starfsemi stefnda ekki borin saman við starfsemi Icelandair ehf. í þessu sambandi. Rekstur Icelandair ehf. sé alls ósambærilegur rekstri stefnda og hafi allt önnur þolmörk fyrir föst laun flugmanna, enda starfar Icelandair bæði á sviði frakt- og farþegaflutninga, auk þess sem Icelandair notast við stórar flugvélar sem geta flogið langar vegalengdir (e. wide-body long-haul). Nýting Icelandair á flugmönnum sínum sé af þessum sökum mun meiri en möguleg nýting stefnda á sínum flugmönnum og ætti Icelandair þar af leiðandi að geta greitt flugmönnum sínum talsvert hærri laun á mánuði. Eðli rekstrar stefnda sé með öðrum

orðum þannig að ekki er hægt að ná fram sömu nýtingu flugmanna eins og í farþegaflugi hjá Icelandair eða hjá öðrum farþegaflugfélögum.

Að sögn stefnda var stefnanda og öðrum flugmönnum í FÍA ekki sagt upp störfum í því skyni að ráða inn nýja flugmenn, hvort heldur sjálfstætt starfandi verktaka eða fastráðna starfsmenn. Engir nýir flugmenn hafa verið ráðnir í starf sem launþegar hjá stefnda eftir að stefnanda og öðrum fastráðnum flugmönnum í FÍA var sagt upp störfum 30. desember 2020. Sé því ljóst að ástæðan fyrir uppsögn stefnanda og annarra fastráðinna flugmanna var ekki ráðning nýrra flugmanna. Þá vísar stefndi til þess að tilkoma sjálfstætt starfandi verktaka í byrjun nóvember 2020, þegar tveimur nýjum flugvélum var bætt við í flota stefnda, hafi ekkert haft að gera með uppsögn á stefnanda og öðrum flugmönnum FÍA. Hinir sjálfstætt starfandi verktakar hafi verið hrein viðbót við rekstur stefnda, en engin ákvörðun hafði verið tekin um að slíta vinnuréttarsambandi stefnda við flugmenn FÍA í september 2020 þegar hafin var leit að verktökum til þess að manna hinar nýju vélar. Um haustið 2020 stóð stefndi þannig í þeirri von að samningar myndu nást við FÍA í kjarasamningsviðræðum aðila og hafði stefndi engan veginn í hyggju að segja flugmönnum innan FÍA upp störfum á þessum tíma. Stefnanda var því ekki sagt upp í þeim tilgangi að fá aðra flugmenn til starfa í stað hans og uppsögnin stóð í engum tengslum við þá ákvörðun stefnda að fá til liðs við sig sjálfstætt starfandi verktaka vegna viðbótar í flota hans í byrjun nóvember 2020. Þvert á móti hafi stefndi byggt ákvörðun sína um uppsögn stefnanda eingöngu á rekstrarlegum ástæðum, sem síðar urðu ljósar. Hinir sjálfstætt starfandi verktakar, sem stefndi fékk til liðs við sig í nóvember 2020, teljist auk þess ekki til starfsmanna félagsins og hafi því hvorki verið um ráðningu né leigu á flugmönnum að ræða í skilningi ákvæðis greinar 01.3 í kjarasamningi stefnda og FÍA. Þannig hafi ekki verið brotið gegn forgangsrétti stefnanda með því að sjálfstætt starfandi verktakar voru fengnir til starfa hjá stefnda meira en mánuði fyrir uppsögn stefnanda, enda hafi ekki falist í því að nýir flugmenn yrðu ráðnir eða leigðir til stefnda í stað þeirra fastráðnu flugmanna sem sagt var upp störfum. Geti ákvæði greinar 01.3 í kjarasamningi aðila, um forgangsrétt félagsmanna FÍA í störf sem fastráðnir flugmenn, því ekki átt við í máli þessu.

Stefndi vísar til þess að honum hafi auk þess verið fullkomlega heimilt að ráða til sín sjálfstætt starfandi verktaka með samningi við Confair í byrjun nóvember 2020. Ekkert í

kjarasamningi stefnda og FÍA frá 2. júlí 2018 komi í veg fyrir slíka verktöku. Fjöldi fastráðinna flugmanna hjá stefnda taki mið af rekstraraðstæðum hverju sinni, en sem fyrr segir hafi sjálfstætt starfandi verktakar verið stærstur hluti flugmanna stefnda allt frá upphafi rekstrar stefnda árið 2001. Ákvæði kjarasamnings FÍA og stefnda, um forgangsrétt flugmanna FÍA, hafi ekki staðið í vegi fyrir því að stefndi notaðist við sjálfstætt starfandi verktaka í rekstri sínum, enda leiðir forgangsréttur flugmanna samkvæmt kjarasamningnum aðeins til þess að félagsmenn FÍA kunni að hafa forgang fram yfir aðra flugmenn sem stefndi ræður eða leigir sem starfsmenn til félagsins, sbr. grein 01.3. Stefndandi hafi hins vegar ekki forgang í störf hjá stefnda þegar stefndi ákveður að notast ekki við fastráðna flugmenn heldur sjálfstætt starfandi verktaka. Þá sé Confair ekki starfsmannaleiga, eins og stefndandi virðist halda fram, heldur gegni Confair aðeins hlutverki milliliðar við ráðningu sjálfstæðra verktaka til stefnda. Stefndi nýtur aðstoðar Confair við að finna verktaka til að fá til liðs við sig en verktakarnir eru ekki, og verði aldrei, starfsmenn Confair. Því hafi jafnframt ekki verið um að ræða leigu á flugmönnum í skilningi greinar 01.3 í umræddum kjarasamningi. Í því sambandi kveðst stefndi vísa til þess að Vinnumálastofnun hafi að eigin frumkvæði hafið rannsókn á stefnda og sambandi hans við Confair þann 25. febrúar 2015 og var niðurstaða rannsóknarinnar sú að Vinnumálastofnun gerði engar athugasemdir við umrætt ráðningarsamband. Þann 2. febrúar 2021 hafi stefnda borist bréf frá Vinnumálastofnun þar sem óskað hafi verið eftir upplýsingum um hvort félagið nýtti þjónustu erlendra starfsmannaleiga, en tilefni erindisins var að kanna starfsemi fyrirtækisins Confair hér á landi og hvort sú starfsemi félli undir lög nr. 139/2005 um starfsmannaleigur og lög nr. 45/2007 um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda. Í svörum stefnda til stofnunarinnar hafi komið fram að hjá stefnda störfuðu meðal annars verktakar, en engir starfsmenn væru leigðir af stefnda til starfa frá öðru félagi, til dæmis Confair. Confair hefði milligöngu um að finna sérhæfða starfsmenn til starfa sem verktakar á vegum stefnda, en ekki væri um að ræða launþega hins erlenda fyrirtækis. Þann 1. júní 2021 barst stefnda bréf frá Vinnumálastofnun þar sem tilkynnt var um lok þessa máls. Var það niðurstaða Vinnumálastofnunar að starfsemi Confair fæli ekki í sér þjónustuveitingu eða aðra starfsemi sem teldist skráningarskyld hjá Vinnumálastofnun á grundvelli laga um starfsmannaleigur.

Samkvæmt þessu sé að mati stefnda ljóst að hinir sjálfstæðu verktakar eru ekki leigðir frá Confair til stefnda, í skilningi greinar 01.3 í kjarasamningi stefnda og FÍA, og starfa þeir ekki sem „gerviverktakar“ í gegnum starfsmannaleigu. Var því ekki verið að sniðganga ákvæði kjarasamningsins um forgangsrétt með því að fá sjálfstætt starfandi verktaka til starfa sem flugmenn hjá stefnda í nóvember 2020. Jafnvel þótt talið yrði að hinir sjálfstætt starfandi verktakar hefðu verið fengnir í stað fastráðinna flugmanna gæti slíkt þannig ekki talist brjóta gegn meintum forgangsrétti stefnanda. Hér skal þó áréttað að hinir sjálfstætt starfandi verktakar komu ekki í stað þeirra FÍA-flugmanna sem sagt var upp störfum í lok desember 2020, enda gat stefndi engan veginn séð það fyrir í byrjun hausts 2020 að nauðsynlegt yrði að segja upp stefnanda og öðrum flugmönnum innan FÍA í lok árs.

Sé það mat stefnda, að öllu framangreindu virtu, að ekki hafi verið brotið gegn meintum forgangsrétti stefnanda samkvæmt umræddum kjarasamningi þegar stefnanda var sagt upp störfum 30. desember 2020. Beri því að sýkna stefnda af bótakröfum stefnanda að því marki sem þær eru byggðar á forgangsrétti samkvæmt kjarasamningnum. Þar fyrir utan telur stefndi að meintur kjarasamningsbundinn forgangsréttur brjóti gegn 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, þar sem ákvæðið leiðir í reynd til þess að flugmenn eru knúnir til að gerast aðilar að FÍA vilji þeir fá fastráðningu hjá stefnda. Ákvæðið þyki fela í sér svo alvarlega íhlutun í hið neikvæða félagafrelsi að jafna megi til þvingunar til aðildar að FÍA. Kveðst stefndi í þessu sambandi auk þess benda á að sú regla sem stefnandi vísar til í grein 01.3 í kjarasamningi FÍA og stefnda, sem kveður á um að fjöldi starfandi FÍA-manna á starfsaldurslista á gildistíma samningsins skuli vera 11, gildir berum orðum aðeins á gildistíma kjarasamningsins. Gildistími kjarasamnings stefnda og FÍA rann út 30. júní 2020 og var stefnda því bersýnilega ekki skylt að hafa 11 starfandi FÍA-flugmenn fastráðna hjá sér eftir þann tíma. Auk þess stóð stefnda sá möguleiki ekki til boða eftir að ljóst var orðið í lok árs 2020 að meðlimir FÍA höfðu ekki nokkurn vilja til þess að starfa hjá stefnda á þeim kjörum sem stefndi gat boðið þeim, né til þess að ná samkomulagi við stefnda um nýjan kjarasamning. Í þessu samhengi er rétt að áréttað að stefndi getur ekki talist hafa verið skuldbundinn til að hafa 11 FÍA-menn fastráðna árum saman á fyrir fram skilgreindum og óbreytanlegum kjörum. Þar sem FÍA, fyrir hönd flugmanna innan stéttarfélagins, hafi afráðið að hafna öllum boðum stefnda um áframhaldandi starf stefnanda og annarra FÍA-

flugmanna hjá félaginu á sanngjörnum markaðskjörum sé stefnda í reynd ótækt að uppfylla kröfur um tiltekinn lágmarksfjölda starfandi FÍA-manna. Geti stefndi því ekki talist hafa brotið gegn meintum forgangsrétti FÍA-flugmanna að þessu leyti.

Stefndi kveðst áréttta, hvað sem framangreindu líði, að kjarasamningur milli FÍA og stefnda frá 2. júlí 2018 hafi ekki lengur verið í gildi við uppsögn stefnanda 30. desember 2020. Í öllu falli hafi reglur hans ekki lengur verið í gildi er stefnandi lauk störfum hjá stefnda 1. apríl 2021.

### *1.3.2 Stefndi hafi ekki haft rétt til endurráðningar samkvæmt starfsaldursreglum stefnda*

Sé það mat dómsins, þrátt fyrir framangreint, að ákvæði starfsaldursreglna flugmanna stefnda, sem voru hluti af kjarasamningi stefnda og FÍA frá 2. júlí 2018, hafi enn verið í gildi við starfslok stefnanda kveðst stefndi byggja á því að ákvæðið um rétt til endurráðningar í d-lið 5. gr. starfsaldursreglnanna geti ekki veitt stefnanda nokkurn rétt í þessu tilviki. Endurráðningarréttur samkvæmt ákvæðinu geti aðeins átt við ef stefndi ákveður að ráða flugmenn í fast starf innan tveggja ára frá því að fastráðnum flugmönnum var sagt upp störfum. Réttur til endurráðningar gat þannig ekki virkjast í tilviki stefnanda nema stefndi ákvæði að ráða nýja flugmenn í fast starf innan tveggja ára frá 30. desember 2020, en starfsaldursreglurnar taki eingöngu til fastráðinna flugmanna. Ef enginn nýr flugmaður er ráðinn til stefnda innan tveggja ára frá uppsögn flugmanna í FÍA kemur réttur til endurráðningar augljóslega ekki til greina. Engir nýir flugmenn hafa verið fastráðnir til stefnda frá 30. desember 2020. Því sé ljóst að meintur réttur stefnanda til endurráðningar varð aldrei virkur á þeim tveimur árum sem liðu frá starfslokum hans.

Þá leiði ekki af starfsaldursreglum umrædds kjarasamnings að eingöngu megi segja upp fastráðnum flugmönnum á starfsaldurslista að undangengnum uppsögnum á sjálfstætt starfandi verktökum, svo sem stefnandi virðist telja. Starfsaldursreglurnar fjalli enda eingöngu um fastráðna flugmenn, meðal annars í hvaða röð þeim skuli sagt upp við mannaþækkun.

Stefndi kveðst enn fremur byggja á því að réttur til endurráðningar feli hvorki í sér rétt stefnanda til þess að verða ráðinn aftur til starfa á sömu kjörum og hann áður naut, né að

vera ráðinn til starfa í fullt starfshlutfall. Verður réttur til endurráðningar bersýnilega að taka mið af aðstæðum í rekstri stefnda hverju sinni. Vegna rekstrarlegra ástæðna hafi ekki verið unnt að halda stefnanda og öðrum félagsmönnum FÍA á óbreyttum kjörum og hafi stefndi því boðið félagsmönnum í FÍA áframhaldandi starf á lægri launum, sem telja verði markaðskjör. Var þá miðað við að stefnandi yrði í um 63% hlutastarfi hjá stefnda og hljóta eðlileg kjör miðað við það vinnuframlag, eins og áður er rakið. Þessu boði stefnda var hins vegar hafnað af hálfu stefnanda.

Þessu til viðbótar er ekki fyllilega ljóst að mati stefnda hvort stefnandi byggi á því að uppsögn hans hafi farið fram vegna mannaþækkunar, en af stefnu virðist mega ráða að stefnandi telji að sjálfstætt starfandi verktakar hafi komið í stað hans og annarra fastráðinna flugmanna og vísar stefnandi til forgangsréttar síns í því sambandi. Getur stefnandi ekki reist málatilbúnað sinn á því að ráðning eða leiga flugmanna hafi leitt til uppsagna félagsmanna FÍA innan stefnda, og að þar með hafi verið brotið gegn forgangsrétti hans samkvæmt kjarasamningi, en samtímis byggt á því að uppsögnin hafi farið fram vegna mannaþækkunar og því sé brotið gegn rétti hans til endurráðningar.

Í ljósi framangreinds er það mat stefnda að ekki hafi verið brotið gegn rétti til endurráðningar samkvæmt d-lið 5. gr. starfsaldursreglna flugmanna stefnda í tilviki stefnanda. Geti bótaskylda stefnda þar af leiðandi ekki verið reist á því ákvæði.

## *2 Meint tjón stefnanda*

### *2.1 Stefnandi hafi ekki orðið fyrir tjóni af völdum ólögætrar uppsagnar*

Verði fallist á þann málatilbúnað stefnanda að háttsemi stefnda sé bótaskyld kveðst stefndi byggja sýknukröfu sína á því að stefnandi hafi ekki orðið fyrir tjóni af völdum þeirrar háttsemi sem nemi meiru en þeim greiðslum sem stefnandi hefur þegar fengið úr hendi stefnda sem laun í uppsagnarfresti.

Til þess að starfsmaður eigi rétt á bótum vegna ólögætrar uppsagnar verði hann bæði að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni sem hann hafi ekki þegar fengið bætt með greiðslu launa í uppsagnarfresti og jafnframt að orsakatengsl séu milli tjónsins og hinnar ólögætu uppsagnar. Í þessu felst að jafnvel þótt fyrir liggja að vinnuveitandi hafi að einhverju marki sýnt af sér ólögæta háttsemi við uppsögn starfsmanns nægir það ekki

til þess að bótaskylda verði felld á vinnuveitandann, hafi háttsemi hans ekki valdið starfsmanni tjóni umfram það sem hlotist hefði ef staðið hefði verið að uppsögninni með réttum hætti. Það hvíli alfarið á stefnanda í máli þessu að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna uppsagnarinnar, svo og að það tjón verði rakið til þess að stefndi hafi staðið að uppsögninni með ólögmætum hætti. Að mati stefnda hefur stefnandi ekki fært viðhlítandi sönnur á að umrædd skilyrði bótaréttar séu fyrir hendi.

Stefndi kveðst vísa til þess að samkvæmt meginreglum um bætur vegna ólögmætra uppsagna geti stefnandi aðeins krafist bóta fyrir það tjón sem hann hafi í raun og veru orðið fyrir og rakið verði til þess að uppsögnin hafi ekki farið fram með þeim hætti sem lög og samningar á milli aðila áskilja. Í þessu sambandi beri að hafa í huga að með fyrrnefndum dómi Félagsdóms frá 16. september 2021 í máli nr. 2/2021 hafi eingöngu verið kveðið á um að uppsögn stefnanda hefði farið í bága við ákvæði a-liðar 4. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Þannig hafi ekki verið staðfest með dómi að uppsögnin hafi farið í bága við kjarasamning aðila eða aðrar reglur sem giltu um ráðningarsambandið. Stefndi kveðst alfarið hafna því að uppsögnin hafi verið ólögmæt með vísan til ákvæða kjarasamnings milli FÍA og stefnda, sem runnið hafi sitt skeið 30. júní 2020. Kveðst stefndi í því sambandi vísa til framangreindra málsástæðna sinna. Þá hafi dómur Félagsdóms ekki falið í sér viðurkenningu á því að stefnandi, eða aðrir meðlimir FÍA sem uppsögnin beindist að, eigi rétt til bóta úr hendi stefnda vegna uppsagnarinnar. Í dóminum hafi hvorki verið kveðið með bindandi hætti á um bótagrundvöll né önnur skilyrði bótaréttar stefnanda. Til þess að stefnandi geti átt rétt til bóta verði hann að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni sem beinlínis verði rakið til þess að uppsögnin hafi brotið í bága við a-lið 4. gr. laga nr. 80/1938, eða eftir atvikum önnur lög- eða samningsbundin réttindi stefnanda, en stefnanda hafi ekki tekist slík sönnun í máli þessu.

Stefndi kveðst vísa til þess að málsókn stefnanda lúti eingöngu að greiðslu bóta vegna tímabils sem hófst við lok uppsagnarfrests stefnanda 1. apríl 2021, en bótakröfur stefnanda hljóða allar á um greiðslu launa frá þeim degi að telja. Verði litið svo á að uppsögnin hafi farið fram með ólögmætum hætti telur stefndi þannig að með greiðslu launa í uppsagnarfresti hafi stefnandi í reynd fengið bætt allt mögulegt tjón sem hann kunni að hafa orðið fyrir og rakið verði til þeirrar háttsemi stefnda. Stefnandi hafi því ekki sýnt fram á neitt tjón sem hann eigi rétt á að fá bætt úr hendi stefnda.

Á almennum vinnumarkaði hafi atvinnurekendur víðtækt svigrúm til þess að segja upp starfsmönnum sínum að vild, svo sem með vísan til rekstrarástæðna. Almennt viðhorf fræðimanna á sviði íslensks vinnuréttar sé að bótaréttur launþega sem sagt hefur verið upp störfum með ólögsmætum hætti miðist við að launþega beri réttur til launa í uppsagnarfresti. Með uppsagnarfresti sé enda stefnt að því að veita báðum aðilum ráðrúm til að haga málum sínum þannig í tíma að uppsögnin valdi sem minnstu tjóni, og gefst starfsmanni tækifæri til að ráða sig í annað starf meðan uppsagnarfrestur sé að líða. Að auki verður starfsmaður að sæta frádrætti af bótakröfu sinni sem nemur þeim launum sem hann hefur fengið annars staðar frá á meðan á uppsagnarfresti stóð. Í samræmi við gildandi dómaframkvæmd í vinnumarkaðsrétti skal því ekki dæma stefnanda bætur vegna uppsagnarinnar umfram það sem hann hefur þegar fengið greitt frá stefnda í formi launa í uppsagnarfresti.

Stefndi vísar til þess að bætur verði ekki dæmdar til viðbótar launum í uppsagnarfresti nema í algjörum undantekningartilvikum, svo sem ef atvinnurekandi hefur brotið með alvarlegum hætti gegn starfsmanni við uppsögnina þannig að það hafi haft sérstakar afleiðingar umfram missi launa í uppsagnarfresti, til dæmis ef starfsmanni hefur verið gert erfitt um vik að fá nýja vinnu vegna þess hvernig vinnuveitandi stóð að uppsögninni. Í máli þessu bendir ekkert til þess að meint ólögsmæt háttsemi stefnda við uppsögn á stefnanda hafi valdið stefnanda erfiðleikum við að afla sér nýrrar vinnu í kjölfar uppsagnarinnar. Hafi stefnandi ekki sýnt fram á það með neinu móti að stefndi hafi viðhaft óréttmætar aðgerðir í tengslum við uppsögnina sem hafi leitt til fjártjóns hans. Stefnandi geti því ekki krafist bóta vegna uppsagnarinnar sem nemi greiðslu launa frá lokum uppsagnarfrests 1. apríl 2021.

Stefndi kveðst vísa til þess sem áður hefur verið rakið, að ákvæði kjarasamnings FÍA og stefnda um rétt til forgangs í störf hjá stefnda, svo og starfsaldursreglur kjarasamningsins, hafi ekki lengur verið í gildi við lok ráðningarsambands aðila. Stefnandi hafi þannig engra sérréttinda notið við starfslok sín hjá stefnda 1. apríl 2021, umfram það sem leiðir af almennum meginreglum vinnuréttar. Eftir að umræddur kjarasamningur rann skeið sitt á enda hafi stefnandi því ekki getað búist við því að staða hans gagnvart stefnda væri önnur en sú sem almennt gildir á almennum vinnumarkaði. Hvað sem því líður var með

uppsögninni ekki brotið gegn meintum rétti stefnanda samkvæmt kjarasamningnum, hvorki forgangsrétti samkvæmt grein 01.3 né rétti til endurráðningar samkvæmt d-lið 5. gr. starfsaldursreglnanna, eins og áður er rakið. Veittu ákvæði þessi stefnanda engan rétt til áframhaldandi starfa við þær aðstæður sem uppi eru í máli þessu og geti þar af leiðandi ekki leitt til bótaréttar.

Í kröfu stefnanda felist krafa um að hann verði eins settur fjárhagslega og ef uppsögn hefði ekki farið fram. Samkvæmt grein 03.2 í kjarasamningi stefnda og FÍA frá 2. júlí 2018 var stefnda heimilt að segja stefnanda upp með þriggja mánaða uppsagnarfresti, án þess að annað kæmi til, en í ráðningarsamningi aðila er um starfsuppsögn eingöngu vísað til nefnds kjarasamnings. Jafnvel þótt talið yrði að stefndi hefði brotið gegn ákvæði a-liðar 4. gr. laga nr. 80/1938 sé ljóst að stefndi hefði, óháð kjaraviðræðum aðila, alltaf þurft að segja stefnanda upp störfum í lok árs 2020 vegna aðstæðna í rekstri félagsins og hefði haft til þess fulla heimild samkvæmt þeim reglum sem giltu um ráðningarsambandið. Tjón stefnanda vegna meintrar ólögætrar háttsemi stefnda geti því ekki numið meiru en þeirri greiðslu launa í uppsagnarfresti, sem stefnandi hefði fengið ef uppsögn hefði farið fram á réttan og lögmætan hátt af hálfu stefnda. Þar sem stefnandi hafi hins vegar fengið greidd þau laun í uppsagnarfresti sem hann átti rétt á hefur stefnandi í reynd ekki orðið fyrir tjóni sem rakið verði til ólögætrar háttsemi stefnda í tengslum við uppsögnina. Hafi stefnandi með öðrum orðum ekki sýnt fram á að ólögæt háttsemi stefnda hafi sem slík valdið honum tjóni, sem hann hefði ekki orðið fyrir ef réttilega hefði verið staðið að uppsögninni.

Í ljósi alls framangreinds sé það mat stefnda að sýkna beri hann af kröfum stefnanda um greiðslu skaðabóta.

## 2.2 *Skylda til tjónstakmörkunar*

Stefndi kveðst jafnframt byggja á því að stefnandi hafi ekki takmarkað tjón sitt eftir fremsta megni, eins og honum hafi borið skylda til. Þannig liggja fyrir að í kjaraviðræðum stefnda og FÍA hafi stefndi lagt fram tilboð sem kvað á um að stefnandi fengi að starfa áfram hjá félaginu gegn því að hann fengi nánar tilgreinda fjárhæð í laun á mánuði fyrir um 63% starf, eða 12 virka vinnudaga á mánuði, og gat hann jafnframt unnið í öðru starfi samhliða starfi sínu hjá stefnda. Átti stefnandi þannig kost á að takmarka tjón sitt með

Því að taka boði stefnda, en vilji stefnda stóð til þess að stefnandi myndi áfram starfa hjá félaginu á samkeppnishæfum kjörum. Þessu boði var hins vegar hafnað af FÍA fyrir hönd stefnanda sem var þannig að eigin sögn atvinnulaus frá lokum uppsagnarfrests 1. apríl 2021 allt þar til hann hóf störf við forritun hjá Aviobook í Brussel (Aviovision), en stefnandi kveðst ekki enn hafa tekist að fá starf sem flugmaður. Braut stefnandi því gegn skyldu sinni til tjonstakmörkunar.

Það sé mat stefnda að ekki sé raunhæft að miða við að stefnanda, sem var að eigin sögn í yfirflugstjórastöðu hjá stefnda, hafi hvergi verið fært að fá vinnu sem flugmaður eða flugstjóri frá upphafi árs 2021, allt fram til dagsins í dag. Telur stefndi að stefnandi hafi ekki gert viðhlítandi tilraunir til að afla sér vinnu frá því honum var sagt upp störfum hjá stefnda, svo sem honum bar skylda til, en stefnandi hefur ekki lagt fram gögn til stuðnings því að hann hafi sótt um flugmannsstörf eða önnur störf á því tímabili sem hér skiptir máli. Um þessar mundir sé mikill skortur á flugmönnum um heim allan, líkt og alkunna sé, og verði því ekki reiknað með öðru en að stefnandi hafi átt fullan kost á að afla sér vinnu sem flugmaður á góðum kjörum á þeim tíma sem liðið hefur frá uppsögninni í lok árs 2020. Í þessu sambandi verður einnig að hafa í huga að engin vinnuskylda hvíldi á stefnanda frá og með uppsögn hans þann 30. desember 2020, og gat hann því nýtt þriggja mánaða uppsagnarfrest til að leita sér að nýrri vinnu. Auk þess sé ekkert hald í þeirri málsástæðu stefnanda að tjonstakmörkunarskylda hans nái aðeins til þess svæðis sem skilgreinist af heimahöfn hans (e. home base) samkvæmt gr. 03.3 í kjarasamningi FÍA og stefnda. Samkvæmt ákvæðinu sé heimahöfn sá staður þar sem flugmaður er ráðinn til starfa og hafði stefnandi því enga heimahöfn í þessum skilningi frá og með 1. apríl 2021. Að öllu framangreindu virtu þykir stefnandi ekki hafa fullnægt skyldu sinni til tjonstakmörkunar. Hafi stefnandi þar með í öllu falli glatað rétti til bóta vegna alls þess tjóns sem leitt hafi af þessari vanrækslu hans.

### *2.3 Einhliða útreikningar stefnanda dugi ekki til sönnunar á meintu tjóni hans*

Stefndi byggir auk framangreinds á því að stefnandi hafi ekki sýnt fram á tjón sitt vegna uppsagnarinnar með fullnægjandi hætti. Það hvíli á stefnanda að sanna að hann hafi orðið fyrir fjártjóni vegna ólögmatrar uppsagnar af hálfu stefnda, svo og að sýna fram á fjárhæð þess tjóns með viðhlítandi hætti. Stefndi verði því aðeins dæmdar skaðabætur úr hendi stefnda að fyrir liggi næg sönnun þess að tjón hafi hlotist af ólögmatrí háttsemi

stefnda. Til sönnunar á tjóni sínu hefur stefnandi aðeins lagt fram einhliða útreikninga Vigfúsar Ásgeirssonar, en þeim útreikningum sé með öllu mótmælt af hálfu stefnda. Ljóst sé að sérfræðilegt mat á tjóni, sem aflað er einhliða af hálfu annars málsaðila, hefur ekkert vægi fyrir dómi gegn mótmælum gagnaðila. Verði þannig ekki byggt á þeim útreikningum sem stefnandi hefur lagt fram einhliða í máli þessu. Auk þess skorti allan rökstuðning og skýringar að baki niðurstöðum útreikninga stefnanda á tjóni hans og sé stefnda þar með gert afar erfitt um vik að hafa uppi varnir gegn útreikningunum. Verði því að telja tjón stefnanda verulega vanreifað af hans hálfu.

Vísar stefndi til þess að ljóst sé að útreikningur stefnanda geti ekki gefið raunhæfa mynd af því tjóni sem stefnandi kunni að hafa orðið fyrir af völdum uppsagnarinnar. Þannig hafi stefnandi verulega vanreiknað þær rauntekjur sem hann hafi notið frá 1. apríl 2021, svo og þær tekjur sem ætla megi að hann muni njóta framvegis, enda sé augljóslega ekki unnt að líta svo á að stefnandi muni starfa sem forritari hjá Aviobook (Aviovision) allt til 65 ára aldurs. Einhliða útreikningur stefnanda byggir því í verulegum atriðum á röngum forsendum og sé því ekki unnt að styðjast við þá við mat á fjárhæð bóta honum til handa.

Stefnandi hafi því ekki fært fram fullnægjandi gögn til sönnunar á því tjóni sem hann telur sig hafa orðið fyrir af völdum ólögmatrar háttsemi stefnda, svo og á fjárhæð þess tjóns. Skorti þannig á að tjónið hafi verið sannað með viðhlítandi hætti. Beri því að sýkna stefnda af bótakröfum stefnanda vegna sönnunarskorts.

### *2.3.2 Nánar um aðalkröfu og fyrstu varakröfu stefnanda*

Hvað aðalkröfu stefnanda varði kveðst stefndi fyrst og fremst byggja á því að krafan eigi sér enga stoð í lögum. Aðalkrafa stefnanda feli í sér að stefndi greiði stefnanda skaðabætur sem nemi mismun þeirrar fjárhæðar sem stefnandi telur að hann hefði haft í kjör sem flugstjóri hjá stefnda frá 1. apríl 2021 til 65 ára aldurs, annars vegar, og þeirra „launa“ sem stefnandi hefði notið sem sjálfstætt starfandi verktaki hjá stefnda á sama tímabili samkvæmt samningi stefnda við Confair, hins vegar. Ljóst sé að stefnandi hafi ekki verið ráðinn sem sjálfstætt starfandi verktaki hjá stefnda eftir að honum var sagt upp störfum og sé stefnandi því hér að bera saman tvær ímyndaðar atburðarásir.

Með efndabótum felist að við ákvörðun bótafjárhæðar þurfi að bera saman fjárhagslega stöðu kröfuhafa, annars vegar eins og hún hefði orðið ef samningur hefði verið réttilega efndur og hins vegar eins og hún sé í raun og veru vegna vanefndar á samningnum. Við ákvörðun bótafjárhæðar vegna ólögætrar uppsagnar verði því að bera saman annars vegar ímyndaða atburðarás, miðað við að uppsögn hefði farið fram á lögmætan hátt, og hins vegar raunverulega atburðarás, þ.e. aðstæður eins og þær eru í raun og veru. Samanburður á tveimur ímynduðum atburðarásum getur hins vegar ekki verið grundvöllur kröfu stefnanda um bætur fyrir raunverulegt tjón sem stefnandi kann að hafa orðið fyrir vegna þess að honum var sagt upp störfum með ólögætum hætti. Aðalkrafa stefnanda byggji því ekki á viðhlítandi lagagrundvelli.

Hvað fyrstu varakröfu stefnanda varðar kveðst stefndi byggja á því að þær tölulegu forsendur sem stefnandi hefur lagt til grundvallar útreikningi sínum á fjárhæð bóta fái ekki staðist nánari skoðun. Í þessu sambandi vísar stefndi í fyrsta lagi til þess að hefði stefnandi unnið áfram hjá stefnda hefði hann sem fyrr segir verið á lægri kjörum en áður, enda hefði stefndi ekki getað haldið áfram rekstri sínum ef hann hefði haldið stefnanda og öðrum félagsmönnum FÍA á óbreyttum kjörum. Því standist ekki að reikna með því að stefnandi hefði áfram notið óskertra launa hjá stefnda ef ekki hefði komið til ólögætrar uppsagnar hans, enda hefði sú aldrei orðið raunin. Þess skal getið að á þessum tíma var enginn kjarasamningur í gildi milli aðila, svo sem áður hefur verið rakið, og liggur ekkert fyrir um það hvaða réttindi stefnandi hefði notið á grundvelli nýs kjarasamnings. Að áliti stefnda sé ótækt að líta svo á að stefnandi hefði notið kjara samkvæmt kjarasamningi sem rann úr gildi 30. júní 2020, allt til loka starfsævi sinnar. Stóð þannig ekkert í vegi fyrir því að laun stefnanda hjá stefnda yrðu skert eftir að kjarasamningur stefnda og FÍA rann sitt skeið á enda. Sé raunar ljóst að stefndi og FÍA hefðu aldrei samið um að hafa ákvæði um forgangsrétt flugmanna og endurráðningarrétt þeirra í nýjum kjarasamningi aðila. Því sé ekki unnt að fallast á að stefnandi hefði framvegis notið fastra mánaðarlauna upp á 1.747.033 krónur, að viðbættri orlofsuppbót sem nemi 40% af föstum launum flugmanns, desemberuppbót sem nemi 35% af föstum launum flugstjóra í 25. launaflokki og mótframlagi stefnda í lífeyrissjóð og Eftirlaunasjóð FÍA, alls 19%, en útreikningar stefnanda byggja að þessu leyti eingöngu á umræddum kjarasamningi sem fallin var úr gildi í apríl 2021. Fá útreikningar stefnanda af þessum sökum augljóslega ekki staðist.

Þá sé það mat stefnda að framlögð gögn stefnanda styðji ekki við útreikninga hans um rauntekjur sínar frá 1. apríl 2021 til 65 ára aldurs, og sem fyrr segir geti þau engan veginn gefið rétta mynd af áætluðum heildarkjörum stefnanda frá og með nóvember 2022. Þyki því ótækt að miða raunveruleg kjör stefnanda, svo og áætluð heildarkjör hans í framtíðinni, við störf sem forritari hjá Aviobook, enda verði að ætla að stefnanda hafi verið fullfært að afla sér vinnu sem flugmaður á þeim tíma sem liðið hefur frá uppsögn hans, og mun hann væntanlega gera svo innan skamms tíma. Þá séu framlögð gögn stefnanda verulega óskýr um raunveruleg heildarkjör hans vegna starfa hjá Aviobook (Aviovision), en framlagðir launaseðlar séu á erlendri tungu og því illskiljanlegir. Það hvíli á stefnanda að færa fram fullnægjandi skýringar á útreikningum sínum á tjóni vegna uppsagnarinnar, en það hafi stefnandi bersýnilega ekki gert. Sé meint tjón stefnanda því vanreifað og ósannað með öllu.

Stefndi kveðst enn fremur byggja á því að stefnandi hafi engan veginn getað vænst þess að hann yrði fastráðinn hjá stefnda um ókomna tíð, eða til loka starfsævi sinnar. Stefnandi hafi enga tryggingu haft fyrir því að hann gæti haldið áfram störfum hjá stefnda til 65 ára aldurs og ekkert í ráðningarsamningi eða kjarasamningi aðila gat gefið stefnanda tilefni til þess að hafa slíkar væntingar. Í grein 03.2 í kjarasamningi stefnda og FÍA frá 2. júlí 2018 hafi verið mælt fyrir um gagnkvæma og skilyrðislaus heimild hvors aðila, þ.e. stefnanda og stefnda, til uppsagnar á ráðningarsambandinu með þriggja mánaða fyrirvara. Mátti stefnandi því hverju sinni búast við því að honum yrði sagt upp störfum með þriggja mánaða uppsagnarfresti, til dæmis vegna aðkallandi aðstæðna í rekstri félagsins, eins og gert var. Getur stefnandi af þessum ástæðum ekki borið því við að hann hefði mátt treysta því að gegna áfram störfum hjá stefnda allt til loka starfsævi sinnar. Í þessu sambandi megi einnig vísa til þeirrar meginreglu að tjón þurfi að vera sennileg afleiðing af ólögðri háttsemi tjónvalds til þess að það geti fengist bætt úr hendi hans. Engin stoð finnst fyrir því í gildandi dómaframkvæmd að bætur vegna ólögðrar uppsagnar nemi mismun væntra tekna og raunverulegra tekna allt til loka starfsævi starfsmanns. Krafa stefnanda sé því mjög óraunhæf og sé engin fordæmi að finna fyrir svo víðtækum bótarétti vegna uppsagnar.

Stefndi kveðst mótmæla þeirri staðhæfingu stefnanda að stefnda sé ekki heimilt að segja flugmönnum upp störfum nema að uppfylltum ströngum skilyrðum. Þvert á móti hafi atvinnurekandi á almennum vinnumarkaði ríkar heimildir til þess að segja starfsmanni upp störfum eftir því sem hann telji þörf á. Við fastráðningu flugmanna sé engan veginn gengið út frá því að um æviráðningu sé að ræða, svo sem stefnandi virðist halda fram.

Beri því samkvæmt öllu framangreindu að sýkna stefnda af aðalkröfu og fyrstu varakröfu stefnanda.

### *2.3.3 Nánar um aðra, þriðju og fjórðu varakröfu*

Hvað aðra, þriðju og fjórðu varakröfu stefnanda varði kveðst stefndi áréttá að ekki hafi verið brotið gegn ákvæði d-liðar 5. gr. starfsaldursreglna flugmanna stefnda í tengslum við uppsögn stefnanda, en í ákvæðinu segi að flugmaður sem látið hafi af starfi vegna mannaþækkunar skuli eiga rétt á endurráðningu í tvö ár frá starfslokum.

Í því sambandi kveðst stefndi í fyrsta lagi byggja á því að nefnt ákvæði hafi verið úr gildi fallið við uppsögn stefnanda 30. desember 2020, eða í öllu falli við starfslok stefnanda 1. apríl 2021, sbr. það sem áður er rakið. Sé því ekki unnt að líta svo á að stefnda hafi borið skylda samkvæmt kjarasamningi til að ráða stefnanda aftur til starfa eftir að honum var sagt upp.

Í öðru lagi kveðst stefndi byggja á því að jafnvel þótt talið yrði að umrætt ákvæði kjarasamnings FÍA og stefnda hefði enn verið í gildi á þeim tíma sem hér skiptir máli hefði stefnandi engan rétt átt til endurráðningar í þessu tilviki. Eins og áður hefur verið lýst voru engir flugmenn ráðnir til starfa af hálfu stefnda eftir að stefnanda var sagt upp störfum 30. desember 2020 og geti því meintur réttur stefnanda til endurráðningar innan tveggja ára frá uppsögn ekki hafa virkjust. Kveðst stefndi vísa til fyrrgreindra röksemda sinna varðandi þetta atriði. Standi því engin rök til þess að fallast á það með stefnanda að bótatímabil hans geti aldrei verið styttra en sem nemur tveimur árum frá lokum ráðningarsambands stefnanda og stefnda 1. apríl 2021.

Að öðru leyti kveðst stefndi áréttá allar framangreindar röksemdir og málsástæður sínar. Með hliðsjón af gildandi dómaframkvæmd séu í máli þessu ekki efni til þess að dæma

stefnanda bætur ofan á það sem hann hafi þegar fengið greitt í uppsagnarfresti, eins og stefnandi hefur gert kröfu um. Beri því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

### *3 Varakrafa um lækkun bótafjárhæðar*

Stefndi krefst til vara verulegrar lækkunar á fjárhæð þeirra bóta sem stefnandi hefur krafist, enda sé ljóst að stefnandi hafi ofreiknað tjón sitt og sé bótakrafa hans í engu samræmi við dómaframkvæmd um bætur vegna ólögmatrar uppsagnar. Til stuðnings varakröfu sinni kveðst stefndi vísa til allra röksemda og málsástæðna sem hann hafi áður vísað til í tengslum við aðalkröfu sína.

### *4 Dráttarvextir, málskostnaður og lagarök*

Stefndi kveðst mótmæla kröfu stefnanda um dráttarvexti frá þingfestingardegi til greiðsludags. Verði stefnda gert að greiða kröfu stefnanda að einhverju leyti sé þess krafist að dráttarvextir verði aðeins dæmdir frá dómsuppsögu, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Þá sé þess einnig krafist, verði krafa stefnanda tekin til greina að einhverju leyti, að málskostnaður verði felldur niður. Í því samhengi kveðst stefndi í fyrsta lagi vísa til þess að í málinu hafi stefnandi gert kröfu um skaðabætur sem nemi ætluðu ígildi óbreyttra launa stefnanda út starfsævi hans. Fyrir liggja skýr fordæmi Hæstaréttar um að engin stoð sé fyrir slíkum kröfum í íslenskum rétti. Hafi stefnanda því mátt vera ljóst að sú krafa sé haldlaus, sbr. c-lið 1. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991. Í öðru lagi kveðst stefndi vísa til þess augljósa sáttavilja sem hann hafi sýnt til að koma í veg fyrir rekstur óþarfa ágreiningsmála.

Stefndi kveðst um lagarök einkum vísa til almennra meginreglna vinnumarkaðsréttar, svo og meginreglna bóta- og kröfuréttar hvað varðar bætur innan samninga.

## V

### *Forsendur og niðurstaða*

Við aðalmeðferð málsins gaf símaskýrslu stefnandi máls, Luc R.M. Van Schoor. Þá gáfu vitnaskýrslur Sigurður Örn Ágústsson, fyrrverandi forstjóri stefnda, Bláfugls ehf., Steindór Ingi Hall, formaður samninganefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA)

við stefnda, Jón Þór Þorvaldsson formaður FÍA og Sólveig Bachmann Gunnarsdóttir lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins.

Ágreiningur máls þessa varðar rétt stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna uppsagnar stefnanda úr starfi fastráðins flugmanns hjá stefnda, sem tilkynnt var með bréfi 30. desember 2020 og tók gildi degi síðar, en þann sama dag var 11 fastráðnum flugmönnum, sem allir voru félagsmenn í Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, sagt upp störfum hjá stefnda með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Með dómi Félagsdóms frá 16. september 2021 í máli nr. 2/2021 var fallist á aðalkröfu Félags íslenskra atvinnuflugmanna um að stefndi hefði með uppsögnum sínum brotið gegn a-lið 4. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og hefðu uppsagnirnar þar með verið ólögmatar. Í forsendum niðurstöðu Félagsdóms greinir meðal annars að í vinnumarkaðsrétti hafi verið gengið út frá því að sú regla gildi að þegar kjarasamningur rennur út eða honum er sagt upp fari í meginatriðum áfram um réttindi og skyldur samningsaðila eftir eldri kjarasamningi meðan enn sé ósamið og verkfall ekki skolið á. Var því lagt til grundvallar að svokallað forgangsréttarákvæði í kjarasamningi Félags íslenskra atvinnuflugmanna og stefnda frá 2. júlí 2018 héldi gildi sínu fram að gerð nýs kjarasamnings. Þá segir í dómi Félagsdóms:

*„Í a-lið 4. gr. laga nr. 80/1938 er mælt fyrir um að atvinnurekendum, verkstjórum og öðrum trúnaðarmönnum atvinnurekenda sé óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmalaskoðanir verkamanna sinna, afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmalafélögum eða vinnudeilum með uppsögn úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn. Eins og fyrir segir höfðu aðilar þegar hafið kjarasamningsviðræður haustið 2020 þegar til uppsagnanna kom og þá liggur fyrir að Bláfugl ehf. réð til starfa tíu nýja flugmenn í nóvember sama ár.*

*Þegar litið er til framlagðra gagna málsins verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á það með fullnægjandi hætti að til grundvallar þeirri ákvörðun Bláfugls ehf. að segja [upp tilgreindum] félagsmönnum stefnanda sem unnu hjá fyrirtækinu hafi legið rekstrarlegar ástæður. Þá kemur meðal annars fram í greinargerð Bláfugls ehf. að um haustið 2020 hafi félagið tekið ákvörðun um að bæta tveimur flugvélum við flugvélaflota sinn og því bætt við sig tíu flugmönnum. Að framangreindu gættu verður ekki hjá því komist að*

*líta svo á að tilgreindar uppsagnir félagsmanna [Félags íslenskra atvinnuflugmanna] hafi verið liður í því að hafa áhrif á þá kjaradeilu sem þegar var uppi milli aðila málsins og unnið var að því að leysa með formlegum hætti á þessum tíma. Samkvæmt þessu er það niðurstaða Félagsdóms að framangreind ákvörðun Bláfugls ehf. um uppsagnir tilgreindra félagsmanna stefnanda feli í sér brot fyrirtækisins gegn ákvæði a-liðar 4. gr. laga nr. 80/1938 og séu því ólögmætar.“*

Af hálfu stefnda hefur verið á því byggt að með dómi Félagsdóms hafi ekki verið leyst úr ágreiningi um forgangsrétt stefnanda til starfa hjá stefnda eða rétt hans til endurráðningar á grundvelli kjarasamnings Félags íslenskra atvinnuflugmanna og stefnda Bláfugls ehf. Þá sé í dómi Félagsdóms ekki tekin afstaða til bótaskyldu stefnda.

Samkvæmt 67. gr. laga nr. 80/1938 eru dómar Félagsdóms endanlegir og verður þeim ekki áfrýjað. Verður því lögð til grundvallar sú niðurstaða Félagsdóms þar sem fallist var á kröfu Félags íslenskra atvinnuflugmanna gegn Samtökum atvinnulífsins fyrir hönd Bláfugls ehf., þess efnis að uppsögnin hafi falið í sér brot á a-lið 4. gr. laganna og sé þar með ólögmæt, sbr. meginreglu 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Vísast um það jafnframt til sjónarmiða í dómum Hæstaréttar frá 12. febrúar 2004 í málum nr. 265/2003 og 266/2003. Er því að öðru leyti ekki þörf á því að fjalla um málsástæður stefnda hvað þetta varðar.

Í málinu hefur stefnandi uppi fjárkröfu vegna hinnar ólögmætu uppsagnar. Hefur stefnandi, til stuðnings kröfugerð sinni, lagt fram útreikning Vigfúsar Ásgeirssonar trygginga- stærðfræðings frá 17. nóvember 2022, þar sem höfð er hliðsjón af þremur mismunandi forsendum til grundvallar útreikningi. Í fyrsta lagi var lagður til grundvallar framreikningur á launum umræddra flugstjóra frá og með 1. apríl 2021 samkvæmt kjarasamningi. Í öðru lagi miðað við framreikning á launum flugstjóranna frá og með sama tímamarki samkvæmt verktakasamningi sem þeim hafði verið boðinn og í þriðja lagi að hafðri hliðsjón af raunverulegum launagreiðslum og/eða atvinnuleysisbótum til og með 1. nóvember 2022 og framreikningi launa frá og með því tímamarki. Þrátt fyrir framangreinda niðurstöðu Félagsdóms getur dómurinn ekki fallist á með stefnanda að hann hafi mátt gera ráð fyrir að gegna starfi sínu sem flugmaður hjá stefnanda til loka

starfsævi sinnar sem flugmaður, eða til 65 ára aldurs, líkt og röksemdir hans til grundvallar aðalkröfu og fyrstu varakröfu hans miðast við. Verður að játa stefnda rúmar heimildir til að haga rekstri sínum með þeim hætti sem hann telur best þjóna starfseminni, þar á meðal hvað varðar rétt stefnda til hagræðingar í rekstri, til að mynda með uppsögnum starfsmanna eða öðrum aðgerðum sem að hans mati séu best til þess fallnar að ná þeim markmiðum sem að er stefnt í rekstri félags, að lagaskilyrðum uppfylltum. Verður ekki fallist á með stefnanda að stefndi hafi með aðgerðum sínum farið á svig við forgangsreittarákvæði í kjarasamningi atvinnuflugmanna. Í því efni verður ekki fram hjá því horft að engir nýir flugmenn voru ráðnir til starfa sem launþegar hjá stefnda eftir að stefnanda var sagt upp störfum. Þá verður ekki hjá því komist að nefna að upplýst hefur verið að stefndi lagði inn flugrekstrarleyfi sitt til Samgöngustofu með tilkynningu þess efnis 30. apríl síðastliðinn.

Stefnandi, sem er flugmaður að mennt og handhafi atvinnuflugmannsréttinda, var 54 ára gamall þegar honum var sagt upp störfum, en hann hafði þá starfað hjá stefnda í um 16 ár. Námu föst grunnlaun hans við uppsögn 1.747.033 krónum. Af gögnum máls verður ráðið að hann hafi þegið atvinnuleysisbætur frá apríl 2021 fram til apríl 2022, en frá þeim tíma hafi hann þegið laun frá Aviovision í Belgíu. Er það mat dómsins að með hinni ólögmætu uppsögn hafi stefnandi orðið fyrir tjóni sem stefndi beri skaðabótaábyrgð á. Ekki er fallist á þá málsástæðu stefnda að stefnanda hafi borið að takmarka tjón sitt frekar en raun varð á, til að mynda með því að fallast á svokallað sáttatilboð sem stefndi lagði fram með bréfi, dagsettu 22. september 2022. Stefnandi var ráðinn ótímabundið til starfa hjá stefnda og var kjarasamningsbundinn uppsagnarfrestur hans þrjú mánuðir. Verður við mat á fjárhæð skaðabóta til þess litið og á stefnandi því rétt til skaðabóta úr hendi stefnda vegna uppsagnarinnar, sem dæmd hefur verið ólögmæt, sem samsvari því sem næst þeim launum í uppsagnarfresti sem hann hefði ella fengið ef uppsögnin hefði farið fram á réttan og lögmætan hátt af hálfu stefnda, sbr. grein 03.2 í fyrrgreindum kjarasamningi. Verður þá tekið tillit til þeirra greiðslna sem stefnandi þáði á sama tíma að loknum uppsagnarfresti.

Svo sem áður greinir námu föst grunnlaun stefnanda við uppsögn 1.747.033 krónum og verður við það miðað við ákvörðun skaðabóta til handa stefnanda, að frádregnum þeim tekjum sem hann naut á tímabilinu. Hafa þær fjárhæðir ekki sætt sérstökum ágreiningi af

hálfu stefnda. Þykja skaðabætur stefnanda hæfilega ákveðnar 4.430.066 krónur, sem nema launum í þrjá mánuði að teknu tilliti til annarra tekna stefnanda á því tímabili. Hefur við mat á tekjum stefnanda, sem voru í evrum, verið höfð hliðsjón af mánaðarlegu miðgengi gjaldmiðilsins samkvæmt skrá Seðlabanka Íslands (5.241.099–810.433). Í samræmi við kröfugerð stefnanda skulu hinar tildæmdu skaðabætur bera vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. apríl 2021 til 15. mars 2023, en dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. síðari málslið 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir niðurstöðu málsins verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað sem, í ljósi kröfugerðar stefnanda og lykta málsins, þykir með hliðsjón af 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 hæfilega ákveðinn 200.000 krónur. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisauka-skatts. Við ákvörðun málskostnaðar hefur jafnframt verið litið til þess að nýu önnur dóms-mál, af sömu rót runnin, hafa verið rekin samhliða þessu, sbr. 4. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Af hálfu stefnanda fór Karl Ólafur Karlsson lögmaður með málið en af hálfu stefnda flutti málið Arnar Þór Stefánsson lögmaður. Þórhallur Haukur Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Gætt var ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

### **Dómsorð:**

Stefndi, Bláfugl ehf., greiði stefnanda, Luc R.M. Van Schoor, 4.430.066 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. apríl 2021 til 15. mars 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 200.000 krónur í málskostnað.

Þórhallur Haukur Þorvaldsson